

**BLIT
EINTAK**

SIRKUS

16. JÚNÍ 2006 | 24. VÍKA

UNGFRÚ ÍSLAND

**VER SIG GEGN
FYRIRSÆTUM**

ERTU HM-BULLA

EÐA EKKI?

**TÍSKAN Á
SILFRINU Á
HÓTEL BORG**

**ÓVÆNT ÚRSLIT
PRAVDA-
PRINSESSAN
LOKSINS
KRÝND**

HAIRDOCTOR Á HM

JÓN ATLI OG ÁRNI+1 SKIPA HLJÓMSVEITINA HAIRDOCTOR. ÞEIR HALDA NÚ UM HELGINA TIL ÞÝSKALANDS ÞAR SEM ÞEIR ÆTLA AÐ SPILA EINS MIKIÐ OG ÞEIR GETA NÆSTU VIKURNAR FYRIR ÁHANGENDUR LIÐANNA SEM SPILA Á HM OG AÐRA SEM ERU MÆTTIR TIL AÐ FYLGJAST MEÐ. STRÁKARNIR ÁKVÁÐU EINNIG NÝLEGA AÐ SKIPTA UM TÓNLISTARSTEFNU OG HLAKKA TIL AÐ FRUMSÝNA TEKNÓIÐ SITT Í ÞÝSKALANDI.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

**BIRGITTA ER NÚ ORÐIN
PAULVÖN MEÐ STUÐMÖNNUM
EFTIR TVO GÓÐA MÁNUÐI.**

**STUÐMENN ERU KOMNIR Á FULLT FYRIR SUMARIÐ OG
FRUMSÝNA UM HELGINA VÆGAST SAGT ÓVÆNT PRÓ-
GRAMM, SEM ER VEL TIL ÞESS FALLIÐ AÐ SLÁ GJÖR-
SAMLEGA Í GEGN HJÁ ÍSLENDINGUM Í SUMAR.**



KOMNIR TIL AÐ SJÁ OG SIGRA

Á laugardag, sjálfan 17. júní, verður haldið veglegt Stuðmannaball í Sjallanum á Akureyri. Þar er að sjálfsgöðu hægt að búast við rifandi fjöri og stemningu eins og venjulega þegar Stuðmenn stíga á stökk. Í þetta skiptið má meira að segja búast við enn meiri stemningu en ella því nú frumsýnir hljómsveit allra landsmanna nýjasta prógrammið sitt þar sem kennir glæsilegra grasa. Fremst í flokki er vitanlega sjálf Birgitta Haukdal, sem hefur nú sungið með Stuðmönnum í tvo mánuði. En Stuðmennirnir lofa meira fjöri því Glanni glæpur, Stefán Karl Stefánsson leikari, hefur bæst í hópinn. Ekki er við öðru búast en að orkan eigi bókstaflega eftir að geisla frá Stefáni á sviðinu. Því má búast við því að það verði sannkölluð sprenging þegar Valgeir Guðjónsson, Stuðmaðurinn sem hætti, stígur á sviðið og tekur lagið með sinni gömlu sveit.

Það er greinilegt að enginn verður svikinn af því að mæta í Sjallann á laugardagskvöld. Svo er bara að biða og sjá hvort Stuðmenn haldi þessum risastóra og föngulega hópi saman til að sigra Ísland enn á ný í sumar.



STUÐMENN HALDA HEITT BALL Í SJALLANUM Á MORGUN, 17. JÚNÍ.

VALGEIR GUÐJÓNSSON ÆTLAR EINNIG AÐ SPILA MEÐ.



STEFÁN KARL ER ÓVÆNT VIÐBÓT VIÐ STUÐMANNAGENGHIÐ SÍVINSÆLA.

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus mælir með því að stórstjórnur sinni aðdáendum sínum. Þessum tilmælum er beint sérstaklega til stúlkanna í Nylon. Þær vinkonurnar verða á ferð og flugi yfir þjóðhátíðardaginn og hafa stuttan tíma. En þótt þær séu uppteknar þá verða þær að hugsa um litlu stelpurnar sem eru búnar að biða eftir komu þeirra í marga daga. Endilega gefið litla fólkinu smá tíma og skrifið nafnið ykkar á blað. Börnin eiga það skilið.



Sirkus mælir með Dóra DNA á X-inu 9'77 alla virka daga milli 15–17. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Dóri DNA nánast komið við sögu í öllum fjölmiðlageiranum auk þess sem hann hefur fengist við leiklist. Það virðist þó gleymast að Dóri ætlaði sér alltaf að verða rappari en hefur snúið sér að útvarpsmennskunni og vakið mikla lukku. Dóri stóri DNA, skotheld skemmtun alla virka daga á X-inu.



Sirkus mælir með Háxan, nýrri klassískri plötu Barða Jóhannessonar. Hann lagði tvö ár af lífi sínu í þetta verk og uppskeran er mögnuð. Gagnrýnendur í Frakklandi halda vart vatni yfir snillið ísmansins.

SIRKUSÁVARPIÐ

DRÍFIÐ YKKUR TIL ÞÝSKALANDS

Sirkus hefur fylgst grannt með framgangi mála í Þýskalandi síðustu vikuna og eins og okkur grunaði er keppnin komin á blússandi siglingu. Enda er farið að þéttast á knæpum bæjarins þegar leikimír eru spilaðir og stemningin magnast. Nú þegar rigningin kemur á okkur héra heima er því svoltið svekkjandi að horfa á alla áhangendurna í Þýskalandi skemmta sér konunglega í sól og hita.

Síðustu mánuði hefur FIFA verið duglegt við að gefa út hræðslu-áróður þess efnis að ekki sé hægt að kaupa sér miða á svörtum markaði á leikina á HM. Þessi áróður virkar svo vel að alls staðar er þetta talið ómögulegt, jafnvel í Þýskalandi. Einnig ganga sögur um að öll hótél séu yfirfull og verðið himinhátt. Hið rétta er að það er ekkert mál að drífa sig út, panta hótél og kaupa miða á svörtum markaði fyrir utan vellina í Þýskalandi. Þessa dagana er gangverðið á þeim um 200 evrur og nóg til. Vissulega á verðið eftir að hækka eftir því sem líður á keppnina en það þýðir ekkert að hugsa endalaust um vandamálið. Það er betra að hugsa í lausnum. Við þá sem langar segjum við því: „Drífið ykkur til Þýskalands“.



Tinni Sveinsson

SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Hörður Jóhannesson hordur.johannesson@365.is
Ritstjóri: Tinni Sveinsson
Ritstjórn: Halldór Halldórsson, Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Jaemed/NY af Jóni Atla og Árna+1 í Hairdoctor. Stiggi Odds sá um eftirvinnslu.

EFNI

- 4 – Fjóra vill ekki sjá álver á Íslandi.
- 6 – Elísabet Thorlacius kom, sá og sigraði.
- 7 – Fólk fékk sér vafasöm tattú á Tattúhátíðinni.
- 9 – Ungfrú Ísland fer í slag við fyrirsætu.
- 12 – Ertu HM-bulla af verstu gerð?
- 16-17 – Strákarnir í Hairdoctor setja stefnuna á HM.
- 18 – Hvað varð um gæjana í Wu-Tang Clan?
- 20 – Ungir stílistar ætla að sigra London í haust
- 26 – Þóroddur Daniel fær boð í 100 partí um hverja helgi
- 27-29 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík.





**ÁSTIN ER ÓKEYPIS!
SMS OG MMS KOSTA
AÐEINS 5 KR. UM HELGAR**

**SMS & MMS
5 KR.***
ALLAR HELGAR Í SUMAR

ERNEMMI / SÍA / NME2229



SONY ERICSSON W810i

35.980 kr.

Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfilinginn.



SONY ERICSSON Z530i

17.980 kr.

Þessi uppfyllir allar þarfir þínar í sumar - með spilara, tölvutengingu og myndavél.



SONY ERICSSON Z300i

10.980 kr.

Lítill og krúttlegur skjaldbókusími sem þjónar þér vel á sumarferðalögnum.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.

YFIRHEYRSLAN



FJÓLA KAREN ÁSMUNDSDÓTTIR, VAR Á DÖGUNUM VALIN VINSÆLASTA STÚLKAN Í UNGFRÚ ÍSLAND KEPPNINI SEM HALDIN VAR Í SÍÐASTA MÁNUÐI. FJÓLA KAREN HEFUR BÚIÐ Í BANDARÍKJUNUM SÍÐUSTU ÁRIN EN ER NÚ ALFLUTT TIL ÍSLANDS. SIRKUS RVK YFIRHEYRÐI FJÓLU SEM VAR VIÐ STÖRF HJÁ JOE BOXER Í SMÁRALIND.

ÁLVER, ALGJÖRT OFMAT

HVORT ERU ÍSLENSKIR EÐA BANDARÍSKIR STRÁKAR SÆTARI?

Eigum við ekki að segja jafntefli. Ég laðast þó frekar að dökkhæðum strákum.

MATLOCK EÐA DERRICK?

Matlock ég man ekkert eftir þessum Derrick.

HEFURÐU ALLTAF VERIÐ VINSÆL?

Já, held það bara. Ég er mjög félagslynd og á auðvelt með að kynna fólki.

HVAÐ FINNST ÞÉR UM ÞESSI ÁLVER SEM NÚ ERU Í BYGGINGU?

Mér finnst þetta alveg út í hött. Þetta er algjört ofmat.

VERÐURÐU SPÉHRÆDD Á SVIÐI?

Nei. Ég er alveg laus við sviðsskrekk.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Andrea vinkona mín var að bjóða mér í partí á föstudaginn 4 Vegamótum.

USHER EÐA JUSTIN TIMBERLAKE?

Usher.

HVAÐA MANNI Í MANNKYNSSÖGUNNI LANGAR ÞIG MEST AÐ SOFA HJÁ?

Þarna gamla kallinum í myndinni The Rock. Já Sean Connery. Hann er rosalegur sjarmur.

YFIR HVADA MYND GRENJAÐIRÐU SÍÐAST?

Million Dollar Baby.

HVER ER RÓMANTÍSKASTI ÍSLENDINGURINN?

Fyrirverandi kærasti minn. Hann er rómantískasti Íslendingur sem ég hef kynnst.

MYNDIR ÞÚ HEILSA UNNI BIRNU Á FÖRNUM VEGI?

Já, já, ég þekki hana alveg.

AF HVERJU MÓTMÆLIR BARA LJÓTT FÓLK?

Mér finnst þetta hræðileg spurning. Kannski líður þeim bara eitthvað illa.

HVER ER FRÆGASTI GÆI SEM HEFUR REYNT VIÐ ÞIG?

Karlmenn eru hræddir við að reyna við mig. Það hefur enginn frægur reynt við mig.

SKIPTIR STÆRÐ MÁLI?

Það fer eftir því hvað talað er um.

GERIRÐU GRÍN AÐ RAUÐHÆRÐU FÓLKI?

Nei, ekki beint en kannski aðeins. Einstaka sinnum sagt við rauðhæðan: „Red haired stepchild“.

EMIL Í KATTHOLTI EÐA LÍNA LANGSOKKUR?

Lína Langsokkur af því hún er rauðhærð.

NOTEBOOK EÐA BROKEBACK MOUNTAIN?

Ég hef séð hvoruga. En er Notebook ekki eitthvað voða sorgleg?

FÖRSTU AÐ HLÆJA ÞEGAR UNNUR BIRNA DATT EINS OG FRÆGT ER?

Nei, mér fannst það alveg hræðilegt. Hún datt beint fyrir framan mig. En sem betur fer var þetta minniháttar.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA

Hvernig myndi lýsing þín á einkamal.is hljóma?



SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkusmynd – Heiða

Sirkus mælir ekki með fólki sem veit ekkert um fótbolta en vill samt tjá sig um hann í þáttum eins og 4-4-2. Það er óþolandi að sitja fyrir framan kassann og hlusta á leikara og stjórnsmámennt ræða um fótbolta. Ekki eru fótboltamenn fengnir til að ræða um Sundabraut eða Kárahnjúka. Þá má svo alveg sparka dómurinum út úr þættinum. Fótboltinn snýst um leikmennina en ekki dómara. Þeir eru partur af leiknum en eiga helst að vera ósýnilegir í svörtum galla en ekki skærgulir með gullkeðju. En 4-4-2 er frábær þáttur og Þorsteinn Joð er kóngurinn, hann lengi lífi.



Sirkus mælir ekki með fordómum í garð þjóðverja. Það er óþolandi að rúnum sextíu árum eftir seinna stríð sé fólk enn að bölvu þjóðverjum og kalla þá ljótum nöfnum. Það fólk sem nú stýrir Þýskalandi þarf ekki að svara fyrir gjörðir þriðja ríkisins og því um að gera að grafa stríðsöxina og stýðja þjóðverja sem nú standa í ströngu á HM, jafnt utan vallar sem innan.



Sirkus mælir ekki með gasblöðrum handa börnum á 17. júní. Gasblöðrum valda eingöngu leiðindum að lokum þegar blessað barnið missir blöðruna upp í himininn. Ekki falla í þá gryfju að kaupa aðra, barnið þarf að læra að lífið er ekki alltaf dans á rósum. Og hana nú!

ÓLÖF ARNALDS HELDUR STÓRMERKILEGA TÓNLEIKA OG SÝNINGU Í TJARNARBÍÓI Í KVÖLD

SYNGUR Á 18 TUNGUMÁLUM OG SPILAR Á 11 HLJÓÐFAERI

„Ég fór til New York í einn mánuð í fyrra. Þar tók ég viðtöl við 17 manns af 17 mismunandi þjóðernum og öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins. Þau ræddu um tungumál og tónlist og skrifuðu svo nokkur orð um tónlist á eigin tungumáli og lásu þau upp,“ útskýrir Ólöf Arnalds tónlistarkona, sem heldur tónleika í Tjarnarbíói á föstudagskvöld auk þess að sýna útskriftarverk sitt úr Listaháskólanum, Eins og sagt er.

Í verkinu notar Ólöf texta þessara 17 einstaklinga og sameinar þá hefð-

bundnari hljóðum úr hljóðfærum. „Ég gerði myndband með nfu römmum þar sem eru spilaðar samfelldar tölur í mynd og hljóði. Þar syng ég hluta af textunum og spila á ellefu hljóðfæri. Ég syng sem sagt á átján tungumálum, líka á íslensku, þótt ég kunnir þau misvel.“

Í Tjarnarbíói heldur Ólöf einnig tónleika auk þess að sýna heimildarmyndina N.Y. 2005, með viðtölunum við fólkið í New York og hugleiðingum þeirra um tónlist. Dagskráin hefst klukkan 20 og það kostar 500 kall inn.



Ath! nýtt kortatímabil

MIKIÐ ÚRVAL AF KJÓLUM

TOPSHOP

SMÁRALIND | 522 8383

Í STUÐI
ÞÆR VORU Í GÓÐU STUÐI ÞÆR
AÐALHEIÐUR SEM VARD
ÖNNUR, ELÍSABET SEM VANN
OG RAGGA SYSTIR ELÍSABETAR.



MAÐUR LIFANDI!
ELÍSABET ER Í TOPPFORMI ÞESSA
DAGANA EINS OG ÞESSI MYND
BER MEÐ SÉR. ÁHORFENDUR
TRÚA VART EIGIN AUGUM



SPADARI!
ÞAÐ VAR STAPPAÐ Á PRAVDA Á
LAUGARDAGSKVÖLD. HÉR ER
SÝNISHORN AF DÝRARI TÝPUNUM.



FLOTTAR VINKONUR!
ÞESSAR LAGLEGU
VINKONUR VORU
MÆTTAR TIL AÐ STYÐJA
SÍNAR STELPUR.



KAMPAVÍN STELPUR!
NÓG VAR AF KAMPAVÍNI
OG KRISTAL Á PRAVDA.
DÖMURNAR FENGU SÉR
AÐEINS AÐUR EN ÞÆR
STIGU Á STOKK.



ELÍSABET KRÝND PRAVDAPRINSESSAN

ELÍSABET THORLACIUS VAR Á LAUGARDAGINN KRÝND PRAVDAPRINSESSAN 2006. SIRKUS TÍMARIT HEFUR FYLGST MEÐ KEPPNINI ALLT FRÁ UPPHAFI EN Í BYRJUN TÓKU 32 STÚLKUR ÞÁTT EN ELÍSABET STÓÐ AÐ LOKUM UPPI SEM SIGURVEGARI. HALDIÐ VAR GLÆSILEGT PARTÍ Á PRAVDA ÞAR SEM VEL VAR MÆTT OG KEPPENDUR OG ÁHORFENDUR TÓKU KEPPNINA MÁTULEGA ALVARLEGA.

„Þetta var bara alveg hrikalega gaman og ég sé alls ekki eftir að hafa tekið þátt. Við stelpurnar vorum fyrst og fremst að skemmta okkur,“ segir Elísabet Thorlacius sem krýnd var Pravdaprinsessan síðastiðinn laugardag. Hún fékk að launum ferð til Evrópu að eigin vali frá Iceland Express. „Ég er ekkert búin að spá hvert ég fer en Köben heillar alltaf,“ segir Elísabet en það voru gestir Pravda og lesendur Sirkuss tímarits sem völdu hana með því að senda SMS. Garðabæjargellan, Aðalheiður Ýr var önnur en alls voru átta keppendur. Vel var mætt og gríðarleg ánægja var með kvöldið og keppnina.

GÓÐ HÁTÍÐ EN FÁMENN

ÍSLAND TATTOO & ROCK FESTIVAL Á GAUKNUM OG BAR 11 STÓÐ YFIR UM SÍÐUSTU HELGI OG VORU MARGIR SEM LÖGÐU LEIÐ SÍNA ÞANGAÐ TIL AÐ SJÁ OG JAFNVEL LÁTA FLÚRA SIG. ÞAR VORU HÚÐFLÚRARAR ALLS STAÐAR FRÁ OG EINS OG SUMIR MUNA FÓR SIRKUS OG SPJALLAÐI VIÐ LEIÐ. ÞETTA VAR SKRAUTLEGUR HÓPUR MEÐ MARGVÍSLEG SÉRVIÐ OG ÞVÍ GÁTU VIÐSKIPTAVINIR VALIÐ SÉR FLÚRARA VIÐ SITT HÆFI. MARGT VAR UM MANNINN OG FLESTIR VORU ÁNÆGÐIR MEÐ HÁTÍÐINA OG FRAMTAKIÐ. ÞAÐ ER EKKERT ANNAÐ AÐ GERA EN AÐ UNDIRBÚA SIG FYRIR NÆSTU HÁTÍÐ OG JAFNVEL SKELLA SÉR Á EITT HÚÐFLÚR, EN KANNSKI EKKI Á SPRELLANN EINS OG SUMIR.

„ÞAÐ HEFÐU MÁTT KOMA FLEIRI EN VIÐ ÁTTUM VON Á ÞESSU. EINS OG VIÐ SÖGÐUM FYRIR HELGI, ÞÁ ER ÞETTA MINNSTA HÁTÍÐIN SEM VIÐ HÖFUM FARIÐ Á,“ SEGIR CHERYL „THE DEVIL“ UM HÁTÍÐAHÖLDIN.



FJÖLNIR GEIR BRAGASON EDA FJÖLNIR TATTU
„JÁ, ÉG FÓR OG ÞETTA VAR ALVÆG ÆÐISLEGT,“ SEGIR FJÖLNIR TATTU. „EN MÁLIÐ ER AÐ ÉG GAT EKKI VERIÐ EINS OG ÉG HEFÐI VILJAÐ ÞAR SEM ÉG ER AÐ OPNA SÝNINGU. ÉG HEF ÞVÍ BARA VERIÐ HÉR AÐ GERA TILBÚIÐ, SÝNINGIN OPNAR NÚNA Á LAUGARDAGINN OG ER Í GALLERÍ ÚLFI. SÝNING HEITIR ÚLFUR OG HVET ÉG ALLA TIL AÐ KOMA OG KÍKJA,“ SEGIR FJÖLNIR SEM Á FULLU ÞEGAR SIRKUS SLÓ Á ÞRÁÐINN.



ALLT BAKIÐ TEKIÐ.



VIRKAR EKKERT SVO ÞÆGILEGT.

Sirkusmyndir Daníel R.



EINN AÐ FÁ SÉR Á SPRELLANN.

SUSHI ER HEFÐBUNDINN JAPANSKUR RÉTTUR EÐA DISKUR SEM Á SÉR YFIR 1300 ÁRA LANGA SÖGU. ÖLDUM SAMAN VAR SUSHI NOTAÐ SEM VARÐVEISLUAÐFERÐ ÞEGAR EKKI VAR UM MARGT AÐ VELJA VIÐ VARÐVEISLU MATVÆLA. SIRKUS KÍKTI Á MARDINS, SEM BÝÐUR UPP Á GÓMSÆTT SUSHI Í SUSHISMIÐJUNNI Á GEIRSGÖTU.

SJARMERANDI SUSHI

Sushi fæst nú um allan heim og fara vinsældir þess sívaxandi. Sú þróun hefur auk ferskleika og frábærs bragðs, haldist í hendur við vaxandi heilsuvakningu almennings, enda samanstendur sushi einungis af hollu, fitusnauðu hráefni. Sushismiðjan við Geirsgötu sérhæfir sig í sushi, súpum, salati, núdum og fleira góðgæti.

ÁHUGINN VERÐUR AÐ VERA TIL STAÐAR

Hvenær fóru þið í gang?

„Sushismiðjan hóf göngu sína árið 2003 en þá byrjuðum við að búa til Midori-sushi,“

segir Mardins, sem sér um að afgreiða viðskiptavinum Smiðjunnar af einstakri snilld.

„Þetta er lítið fjölskyldufyrirtæki sem vill bjóða upp á ferska sushirétti úr fyrsta flokks hráefni. Við erum einnig með súpur, salöt og annað gómsætt á boðstólum. Við höfum verið á fullu í þrjú ár en fólk vildi geta komið við og bara pantað og



HÉR ER LEIÐIN FYRIR ÞESSA VILLTU.

farið, svona fljótt og gott. Þetta er heimsins besta skyndibita-fæði. Til að geta búið til sushi þarf áhuginn að vera mjög mikill því þá er þetta alvöru. Það gerist ekki betra en þetta, lítil og persónulegur staður þar sem viðskiptavinir kíkja inn, fá sér ferskt hráefni við höfnina. Útsýnið er magnað og umhverfið er róandi,“ segir Mardins glaður á svip.

HÖFNIN HEFUR SVO MIKINN SJARMA

„Við völdum staðsetning-

una vegna þess að höfnin hefur svo mikinn sjarma,“ segir Mardins með glampa í augum. „Hverjum finnst ekki gaman að fara niður á höfn til að dorga, sjá bátana og upplifa hinn sérstaka anda sem er hérna,“ spyr Mardins brosandir.

„Að sjálfsögðu höfum við trú á að þetta svæði sé að stækka og verði meira í brennidepli. Það hefur verið að sýna sig á mjög stuttum tíma. Það er mikil gróska hérna hjá höfninni, fyrst var það Sægreifinn, svo Búllan og núna við Sushismiðjan. Svo er líka Hvalaskoðunin og þetta er að sjálfsögðu frábært þar sem þetta dregur að sér fleiri og fleiri,“ segir Mardins kátur í bragði.

Svona í lokin. Ef þú værir í öðrum bransa, hvað myndirðu velja?

„Ef ég þyrfti að velja myndi ég kannski opna blómabúð eða hárgreiddustofu, jafn-

Fyrir forvitna

Opnunartími mán.–laug. 11.30–19.00

Hægt er að panta á heimasíðunni sushismiðjan.is



FERSKT OG GOTT.

Sirkus-myndir Vilhelin

vel einhvers konar ullarbúð,“ segir Mardins og skellir upp úr þannig að hláturinn ómar um Sushismiðjuna við Reykjavík-urhöfn.

7



MARDINS GÓÐUR VIÐ SUSHISMIÐJUNA HJÁ HÖFNINI.

KEANE UNDER THE IRON SEA



LANGAR ÞIG Í EINTAK?

Sendu SMS skeytið **BTC KED** á númerið **1900**
Þú gætir unnið!

Vinningar eru:

- Keane - Under The Iron Sea
- Keane - Live Recordings 2004 EP
- Keane - Strangers DVD
- Pepsi kippur • DVD myndir
- Fullt af öðrum geisladiskum og margt fleira

10. hver vinnur!



ERU FYRIRSÆTUR OG FEGURÐARDROTTNINGAR SVIPAÐAR EÐA ALVEG EINS? EÐA ERU ÞÆR EINS OG SVART OG HVÍTT? SIRKUS VILDI SKYGGNAST INN Í HEIM FYRIRSÆTUNNAR OG FEGURÐARDROTTNINGARINNAR OG TALAÐI ÞVÍ VIÐ TVÆR STÚLKUR SEM ÞEKKA BRANSANN ÚT OG INN. ÞETTA ERU UNGFRÚ ÍSLAND, SIF ARADÓTTIR, OG ALEXANDRA STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR, FYRIRSÆTA HJÁ ESKIMO.



Sirkusmynd - E.01

FYRIRSÆTA **VS.** FEGURÐARDROTTNING

STELPURNAR NÁ VEL SAMAN ÞRÁTT FYRIR AÐ HAFA VALIÐ ÓLÍKAR LEIÐIR.

HVER ER MUNURINN?

Fegurðardrottningin Sif: „Fegurðardrottning og módel eru tvennt ólíkt þótt margt sé svipað. Fegurðardrottning þarf að vera sterkur karakter, með mikla útgeislun og fallett fas, vera klár og góð manneskja...“

Fyrirsætan Alexandra: „...ég held persónulega að fegurðardrottningar séu með meira svona „staðlað“ útlit, en módel geta verið fjölbreytt og spes í útliti.“

Fegurðardrottningin: „Já, en fegurðardrottning þarf að vera samkvæm sjálfri sér og halda sínum persónulegu einkennum, enda voru það þau sem færðu henni titilinn. Hún sinnir sínum skyldum í eitt ár, það getur verið að mæta á opnanir eða aðra opinbera atburði og jafnvel vinna eitthvað við sýningarstörf. Fyrirsætan er hins vegar í starfi sem getur náð yfir mörg ár. Hún tekur þátt í tiskusýningum, auglýsingum og ýmsu öðru þar sem hún þarf að sýna mismunandi andlit og persónu hverju sinni.“

Fyrirsætan: „Já, það að vera fyrirsæta er náttúrulega ekki titill heldur starf. Þar myndi ég segja að munurinn liggir.“

KOSTIR OG GALLAR?

Fyrirsætan: „Kostir þess að vera fyrirsæta eru að ég fæ að kynna æðislegu fólki. Meðal annars þremur gullmolum úti í Indlandi sem ég á aldrei eftir að gleyma. Svo að sjálfsögðu ferðalögin. En með öllu góðu kemur eitthvað slæmt. Og það er biðin. Hún er verst.“

Fegurðardrottningin: „Kosturinn við að vera fegurðardrottning er að fá tækifæri til að kynna nýju fólki, bæði heima og erlendis. Það er góð reynsla sem nýtist alla ævi. Svo lærir maður að hugsa vel um sjálfa sig. Síðast en ekki síst er þetta skemmtilegt. En það leiðinlega er að þetta starf er tímafrekt. Ég



FEGURÐARDROTTNINGIN OG FYRIRSÆTAN ERU EKKI SAMMÁLA UM ALLT.

verð að skipuleggja tímann vel til að hafa nægan tíma.“

SUKKAÐ JAFNT BÁÐUM MEGIN

Stelpurnar ræða um margumtalaða pressu á fyrirsætur um að halda sér grönnum. Fyrirsætan Alexandra segir það



vera eins og hvað annað. Sumar stelpur missa sig en aðrar ekki. Að sjálfsögðu er lagt upp úr því að halda sér í líkamlegu sem og andlegu formi og það sé ekki einungis í fyrirsætubransanum.

Sukkið segja þær að sé báðum megin en eru sammála um að það gæti verið auðveld-

ara að detta inn í djammíð í fyrirsætuheiminum. Þeim lífsstíl fylgja fleiri partí og annars konar atburðarás. Segja þetta samt fara eftir stelpunum sjálfum og hvernig þær halda á spilunum.

HVERNIG KOM ÞETTA ALLT TIL?

Fegurðardrottningin: „Ég var beðin um að koma í prufu fyrir Ungfrú Suðurnes 2006 og í framhaldi af því tók ég þátt í þeirri keppni. Þá keppni vann ég og fékk þar af leiðandi þátttökurétt í Ungfrú Ísland 2006. Og hér er ég,“ segir Sif og skellir upp úr.

Fyrirsætan: „Ég tók þátt í Ford-keppninni 2005 og hef starfað sem módel síðan. Fór meðal annars að vinna sem fyrirsæta í Indlandi og er eiginlega nýkomin þaðan. Nú er stefnan sennilega tekin á Dubai. En í raun byrjaði þetta með því að mamma gamla dró mig á eyrunum niður í Eskimo og henti mér þar inn. Ég hélt að þetta væri engan veginn fyrir mig en svo líkar mér ekkert smá vel við þetta, enda skemmtilegt fólki hjá Eskimo sem passar vel upp á mig. Í augnablikinu er ég að vinna í Top Shop í Smáralindinni og líkar það mjög vel enda umkringd tiskufólki allan daginn. Svo er maður að sjálfsögðu að módelast hérna heima.“

Stelpurnar hafa greinilega í mörgu að snúast. Alexandra sinnir hinum og þessum verkefnum, myndatökum og utanlandsferðum á meðan Sif hefur verið úti í löndum á milli þess að máta þjóðbúning fyrir 17. júní. Þær segja að framtíðarmöguleikar séu mismunandi í báðum þessum geirum þó að oftast sé ferillinn lengri í fyrirsætubransanum. Þær eru sammála um að það hvernig ferillinn og framtíðin gangi hverju sinni sé alfarið undir stelpunni sjálfri komið.

sigga@minnsirkus.is

KLIFRAÐI UPP Í FJÖLSKYLDU-TRÉÐ FYRIR MYNDINA

Það er alltaf skemmtilegt að fá að hnýsast smávegis, hver veit hvaða gersemar við munum finna og sjá hverju sinni. Að þessu sinni fengum við að kíkja í kistuna hjá Grétu Mjöll Samúelsdóttur, knattspyrnukonu hjá Breiðablik og nema í Menntaskólanum í Kópavogi. Gréta vakti einnig athygli þegar hún tók þátt í Söngvakeppni framhaldsskólanna í vor.

„Ég lét taka mynd af mér uppi í trénu mínu og fjölskyldu minnar. Ég varð að velja það sem einn minn uppáhaldshlutur því það spilar stóran þátt í lífi mínu,“ segir Gréta Mjöll og hlær.

„Við köllum þetta Töfratréd af því að það er hægt að klifra endalaust í því og það eru greinar út í allar áttir. Það er rosalega flott en það er í garðinum okkar, okkur finnst það geðveikt

merkilegt. Einu sinni kom rosalegt veður og það rifnaði upp með rótum, hékk einhvern veginn á hliðinni. Við vinkonurnar grétum eins og við ættum lífið að leysa og viti menn tréd varð bara allt í einu í lagi, alveg magnað,“ segir Gréta Mjöll ánægð en eins og mörgum er kunnugt er hún dóttir Samúels Arnar Erlingssonar íþróttaréttamanns.

„Ég er núna að vinna á leikjanámskeiði í Fagralundi en annars er ég á náttúrufræðibraut og líffræðilínu í MK á veturna. En svo er ég alltaf að keppa með Breiðabliki en það er leikur núna um helgina á Laugardalsvelli. Það er varla annað en fótbolti á sumrin hjá manni.“

sigga@minnsirkus.is



KOMDU OG SKOÐAÐU Í KISTUNA MÍNA



„Þetta armband gaf Eva vinkona mér, besta vinkona mín,“ segir Gréta Mjöll. „Ég fékk það í jólagjöf eða afmælisgjöf, en málið er að ég á að safna hlekjum á það. En svo týndi ég því í heilan mánuð og keypti mér nýtt til þess að hún yrði ekki reið. Og þá gaf hún mér annan hlekk úr ekta gulli og ég týndi því líka. Ekki það að mér þyki ekki vænt um hlutina heldur þarf ég alltaf að taka það af mér á æfingum og eitthvað. Ég grét í mánuð og ætlaði að kaupa annað en fann þá fyrra armband. Er ekkert smá ánægð með það. Þetta er sem sagt eftir allt saman upphaflega armband sem Eva vinkona gaf mér og ég er bara alltaf með það núna,“ segir Gréta Mjöll og hlær.



„Þessa bók gaf kærastinn mér þegar við vorum búin að vera saman í eitt ár. Mér þykir rosalega vænt um hana af því ég skrifa ljóðin mín í hana og hún er merkt mér.“



„Þetta eru myndir sem besta vinkona mín gaf mér, hún Eva. Hún málaði þessar myndir og gaf mér, mér finnast þær ógeðslega flottar og ennþá merkilegri af því hún málaði þær og gaf mér. Þær eiga stóran hlut í hjarta mínu og munu ávallt gera,“ segir Gréta Mjöll stolt af vinkonu sinni.



„Þetta er hann Bigglet, eins og stendur á smeknum hans. Ég fékk hann í skímagjöf þegar ég var tveggja mánaða og hann var miklu stærri en ég. Hann er fyrsti hluturinn sem ég eignaðist og hefur alltaf verið mjög þýðingarmikill fyrir mig. Hundurinn minn nagaði nefið af honum greyinu en hann er uppáhald sama hvað,“ segir Gréta Mjöll ánægð með ævinn sinn.



„Þetta er heilsukoddinn minn sem fylgir mér og fer með mér hvert sem er. Hann hefur farið með mér um hálfan heiminn; til Póllands, Slóvakíu, Bosníu, Rúmeníu, Hvíta-Rússlands og svona má lengi telja. Ég fer ekkert án hans og sé ekkert án hans. Hann er mjög mikilvægur.“

„Þetta er náttúrulega bara besta mynd ever,“ segir Gréta Mjöll um kvikmyndina Anger management. „Ég varð að hafa hana með. Við áttum erfitt með að finna hulstrið en þetta gekk að lokum. Þetta er uppáhaldsmyndin mín í öllum heiminum og fyndnasta mynd sem ég veit um, ég get alltaf horft á hana. Ég og vinkona mín getum þulið hvert einasta atriði upp úr henni og ég er alltaf að finna ný og ný atriði í henni. Ég er bara alltaf í stuði til að horfa á hana og tek hana reglulega,“ segir Gréta Mjöll og skellir upp úr.



Arthúr

KLÓSETTPAPPÍR

Hvort notar þú ofurmjúkan klósettpappír eða bara mjúkan þegar þú skeinir þér?



* Gerðu þinn eigin klósettpappír!

fjandinn.com/Arthur

©2005 Joen og Finnur
www.fjandinn.com/Arthur

ALVÖRU HAMBORGARI



Ruby
Tuesday

BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

HÖFÐABAKKA 9 & SKIPHOLTI 19



ÞAÐ ER HM Í GANGI – HVERNIG ERTU AÐ HÖNDLA ÞAÐ? ERTU FÓTBOLTABULLA?

1. Líðið þitt sigrar með ólöglegu marki vegna rangstöðu...

- a) Þú viðurkennir fyrir félagnum að þetta hafi verið ólöglegt mark og segir: „Svona er bara fótboltinn.“
- b) Þú viðurkennir að markið hafi verið ólöglegt en þitt líð hafi hvort eð er átt skilið að vinna.
- c) Þú viðurkennir ekki að markið hafi verið ólöglegt og segir að sá sem haldi því fram sé þroskaheftur.
- d) Þú berð hnif að hálsi vinar þíns og segir að rangstöðureglan sé jafn lítils virði og hann sjálfur.



5. Konan á heimilinu er að ryksuga meðan á stóruleik stendur...

- a) Þú spyrð hana varfærnislega hvort hún geti nokkuð ryksugað að leik loknum.
- b) Þú segir: „Kelling! Slökktu á þessu skrani og farðu í bað.“
- c) Þú stendur upp, tekur ryksuguna úr sambandi og hendir henni fram af svölunum.
- d) Þú tekur ryksuguna og ryksugar upp alla skartgripni konunnar og reynir svo að ryksuga augað úr henni.



- c) Þú keyrir heim til þín og nærð í sjónvarpið og afuglarann og segir: „Fyrst ég fæ ekki að horfa á leikinn heima, þá næ ég bara í leikinn.“
- d) Þú lemur yfirmann þinn og segir honum að líkurnar á því að hann geti stoppað þig séu álíka miklar og að Tógó vinni HM.



10. Þú ert að horfa á HM og útsendingin er rofin vegna tífunda úr íslenskum stjórnmálum.

Geir H. Haarde hefur sagt af sér...



- a) Þú hugsar: „Skítt með leikinn. Þetta setur stjórnmálsstarfið á annan endann.“
- b) Þú óskar upp yfir þig: „Who gives a flying fuck? Skiptið yfir á leikinn.“
- c) Þú sendir Geir H. Haarde harðorðan tölvu-póst þar sem þú úthúðar honum fyrir að tilkynna þetta meðan á HM stendur.
- d) Þú ferð heim til Geirs og lemur hann með bekkpressustöng.

2. Digital Ísland afuglarinn þinn fer að hiksta...

- a) Þú biður yfirvegaður og hugsar: „Ef ég missi af einhverju þá sé ég það bara í endursýningu.“
- b) Þú óskar „Djöfulsins digital homma-land.“
- c) Þú stendur upp og slærð ofan á afuglarann og urrear á tækíð.
- d) Þú tekur Digitalinn úr sambandi, labbar með hann niður í Skaftahlíð og lemur Hilmar Björnsson sjónvarpsstjóra Sýnar í hausinn með afuglarann og segir: „Endurgreiddu mér eða ég fer í fótbolta með hausinn á þér.“



hann niður í Skaftahlíð og lemur Hilmar Björnsson sjónvarpsstjóra Sýnar í hausinn með afuglarann og segir: „Endurgreiddu mér eða ég fer í fótbolta með hausinn á þér.“


3. Þín hugmynd um bolta og bjór er...

- a) Tveir til þrjár kaldir yfir leiknum í góðra vina hópi.
- b) Kippa á kjaft og allir rífa sig úr að ofan.
- c) Bolti og bjór er fint, en bolti, bjór, skot og ókvæðisorð er það besta.
- d) Brjáláð fylleri sem endar í slagsmálum á Ölveri þar sem einn ferðamaður er laminn til óbóta.



4. Líðið þitt tapar á móti Japan...

- a) Þú svekkir þig og hugsar: „Asiubjóðirnar geta greinilega komið á óvart.“
- b) Þú segir: „Nú eru þessir andskotar fyrst gulir og gladdir.“
- c) Þú spyrð þig: „Af hverju voru Hirósíma og Nagasaki bomburnar ekki kraftmeiri?“
- d) Þú ferð og bombar molotov-kokteil í japanska sendiráðið. Lemur svo tælenska konu og segir: „Þetta asiudót er allt sama tóbaki.“



6. Vinur þinn gefur þér treyju líönsins sem hann veit að þú hatar...

- a) Þú hlærð og hugsar hve mikill grallari vinur þinn getur verið.
- b) Þú kylir hann í öxli og segir: „Ég næ mér niður á þér tillinn þinn. Versta gjöf sem ég hef fengið.“
- c) Þú hrækir á treyjuna og hendir henni í klósettið. Svo hótarðu að drepa vin þinn ef hann gerir þetta aftur.
- d) Þú reynir að kæfa vin þinn með treyjuni.



7. Þú gengur fram hjá sjónvarpsverslun og sérð líðið þitt skora á viðtæki í búðarglugganum...

- a) Þú krepkir hnefann og segir „Jes!“ Gengur síðan áfram.
- b) Þú hamrar svona 5-8 sinnum á gluggann með miklu tempói og óskar: „Fuck yeah!“
- c) Þú dregur upp neyðarblys úr vasa þínum og kveikir á. Síðan hleypurðu eftir verslunargötinni óskrandi: „Champions, champions, oei oei oei.“
- d) Þú klæðir þig úr að ofan og rennir þér eftir malbikinu á maganum með slæmum afleiðingum.



8. Mamma þín hringir og þú missir af marki meðan þú talar við hana í símannum...

- a) Þú kveður mömmu þína og horfir á markið endursýnt.
- b) Þú segir: „Andskotinn, til hvers ertu að hringja meðan það er leikur í gangi?“
- c) Þú segir: „Mamma pussa!“
- d) Þú ferð niður á hagstofu og breytir nafninu sem mamma þín valdi þér.



9. Vinnuveitandi þinn gefur þér ekki leyfi til þess að fara fyrir vinnunni til að horfa á leikinn...

- a) Þú svekkir þig og hugsar: „Þessi maður er hálfviti en ég er auðvitað á launum.“
- b) Þú óskar á yfirmanninn og ferð inn á klósettið og hefur hægðir á fullum launum.

GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR LEIKKONA LÆTUR ÞEIM SEM HRINGJA LÍÐA VEL.



KRÚTTLEGT OG HEIMILISLEGT

Talhólfíð hjá Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu er svohljóðandi:

Já halló.
Þetta er farsímminn hjá Guðrúnu Ásmundsdóttur.
Elsku, skildu eftir einhver falleg skilaboð.
Bless, bless.

Þetta þykir okkur vera einkar þægileg talhólfskveðja. Enda kannski ekki við öðru að búast frá jafn vandaðri konu og Guðrúnu. En það mega margir taka hana til fyrirmyndar. Hún opnar á kveðju. Byrjar síðan á því að kynna sig. Biður síðan fallega um skilaboð. Og það ekki einhver venjuleg skilaboð heldur falleg skilaboð. Síðan kveður hún okkur. Talhólfskveðjan skarar kannski ekki fram úr en er skólabókardæmi um persónulega og kurteisa kveðju.

TALHÓLF FREGA FÓLKINS...



GILLZ TREÐUR HÉR PRÓTEINUM Í VILLA WRX SEM HELST VILL SÆLGÆTI.

EINN GILLZ TAKKI!

Frægðarför Gillzeneggers virðist engan enda ætla að taka. Nú hefur Hallur Dan, einn eigandi Players veitinga og skemmtistaðarins, sett nýjan rétt á matseðilinn sem heitir í höfuðið á líkamsræktartröllinu, Gillzenegger. Fari menn á Players og panti einn „Gillz“, eins og rétturinn kallast, fær viðkomandi tvær kjúklinga-bringur, brún hrisgrjón, salat og BBQ-sósu með. „Þetta er snilld fyrir þá sem eru að byggja skrokkin upp. Þarna ertu með frábæra próteinsprengju og viljið þú losnað við bumbuna þá er einn Gillz málið. Helst alla daga,“ segir Gillzenegger.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

FERSKIR LEIKIR Í TONNATALI

Brainbashers.com er heimasíða sem biður upp á þúsundir af þrautum, gátum, leikjum, krossgátum, su doku og fleira. Ekki vitlaus staður til að kíkja á þegar kemur að því að drepa nokkrar mínútur fyrir framan tölvuskerminn. Brainbashers hefur hlotið hundruð vefverðlauna og heldur sér í fremstu röð með því að bæta inn fullt af þrautum vikulega.



BRAINBASHERS.COM ER ÞRUSUGÓÐ LEIKJASÍÐA.

14

Í EINUM LEIK Á AÐ TAKA MYNDIR AF FÓLKI Í LEIGUBÍLUM.

SIRKUSTVÍFARAR



JÚLÍUS HAFSTEIN SENDIHERRA.



GÖRAN PERSON FORSÆTISRÁÐHERRA.

Tvífarar vikunnar eru þeir Göran Person, forsætisráðherra Svíþjóðar og Júlíus Hafstein sendiherra. Þeir eru báðir miklir handboltaáhugamenn og samkvæmt áreiðanlegum heimildum þá var Göran Person mættur á leik Íslands og Svíþjóðar í handbolta um síðustu helgi. Göran virtist hrifinn af leik íslenska liðsins og undruðust margir þegar hann fagnaði ógurlega sigri Íslendinga ásamt Þorgerði Katrínu, menntamálaráðherra og fyrrverandi handboltaðómara, og Gunnari Einarssyni fyrrverandi þjálfara Stjörnunnar í Garðabæ og núverandi bæjarstjóra þar í bæ. Eða var þetta Júlíus?

Ótakmörkuð símtöl í alla heimasíma





Hive Heimasími frá **990 kr.** á mánuði

Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. **Hefur þú frá miklu að segja?**

Hive







— ÉG ÆTLA AÐ VERÐA HELGARBLAÐ DV

PILOTTI

Sum tré hafa engan metnað. Þeim er alveg sama þótt þau endi sem umbúðarpappír eða útsöluhúsgögn. Ég er ekki þannig tré. Ég ætla að skemmta fólki og koma því á óvart. Ég ætla að fjalla um það sem fólk hefur raunverulegan áhuga á. Ég ætla að verða fjölbreytt og skemmtilegt helgarblað, því ég hef metnað. Ég ætla að verða DV!

HELGARBLAÐ

DV

LIFANDI PAPPÍR!

Árni+1: Ertu byrjuð að taka upp? Þetta verður yfirfyrirsögnin.

Jón Atli: Nei, yfirfyrirsögnin er Hairdoctor spilar á HM.

Svona hefst spjall okkar þremmenninga, við höfum komið okkur vel fyrir á Kaffibarnum og ég er að vandræðast með upptökuna. Prufukeyrslan er búin og alvaran er tekin við.

VIÐ ERUM AÐ FARA AÐ SPILA Á HM

Hver er staðan á bandinu?

Jón Atli: Við ákváðum að fara í þetta viðtal af því að Ási í Smekkleysu sagði að platan hefði ekki selst nógu vel, að við þyrftum að fara í fjölmíðla og þannig.

Árni+1: Nei, við erum að vekja meiri athygli á okkur.

Jón Atli: Við erum að minna á að við erum hljómsveit sem gaf út geisladisk um jólin og að við erum að fara að spila fyrir Þjóðverja og alla þá sem koma á HM.

Árni+1: Við ætlum að spila teknómúsík, þetta eru tvenns konar „live“ sett. Annars vegar gamla settið okkar eins og það hefur verið en svo erum við líka með eitt þýskt sett.

Jón Atli: Þýska settið er sérhannað fyrir Þýskaland. Þetta er teknó-sett sem við frumfluttum á Sirkus á miðvikudaginn við rosalega góðar undirtektir.

Árni+1: Vægast sagt, það var troðfullt.

EINS OG ABBA NEMA TEKNÓ ABBÍ

Eru fleiri breytingar á bandinu?

Jón Atli: Við erum komnir með bakradda-söngkonur, sem eru kærusturnar okkar. Hin ar heittelskuðu Lóa og Gyða. Þetta er soldið eins og ABBA nema þetta er svona indí þannig að þetta er eiginlega ABBÍ, sem er

**„VIÐ ERUM BARA KOMNIR Í
STUÐ OG NÚ VILJUM VIÐ
DANSA. BÚNIR AÐ SKIPTA ÚT
RAFMAAGSGÍTARNUM OG
KOMNIR MEÐ MIDI-GÍTAR Í
STAÐINN, SEM ER EINMITT
TÁKN TEKNÓSINS Í STAÐ TÁKN
INDÍSINS.“**

ógeðslega fyndið. Þetta er rosalega gaman og það er mikið stuð á hljómsveitaræfingum, soldið krúttlegt.

Árni+1: Nema þetta er teknó ABBÍ og það er ekkert krúttlegt við þetta, ekkert krúttkjaftæði. Við erum að taka stefnuna á teknó og fjarlægjast fyluna í indí.

SKIPTI RAFMAGNSGÍTARNUM ÚT FYRIR MIDI-GÍTAR

Fyluna í indí? spyr blaðamaður frekar ringlaður.

Jón Atli: Kannski ekki fyluna í indí en við erum hættir að vera svona sorglega leiðir og á bömmur. Við erum bara komnir í stuð og nú viljum við dansa. Ég er búinn að skipta út rafmagnsgítarnum og núna er ég með midi-gítar í staðinn, sem er einmitt tákn teknósins í stað tákn indísins. En við erum á fullu að búa til ný lög og erum búnir að vera að gera remix sem hafa fallið vel í kramið á stöðum bæjarins.

Árni+1: Þrátt fyrir breytingarnar erum við ennþá Hairdoctor, sama hljómsveitin en bara aðeins búnir að leggja rafmagnsgítarinn á hilluna og ná í midi-gítarinn.

JEFF WHO? HRAÐIR LÍKT OG TEKNÓIÐ OKKAR

Af hverju teknó?

Árni+1: Okkur finnst teknó miklu skemmtilegra.

Jón Atli: Við erum orðnir svo miklir dansboltar. Árni er algjör snillingur að búa til bít og teknólínur og ég er algjör snillingur að halda fólki í stuði þannig að þetta var svo rökrétt. Þetta er samt engin snilld, ekki gleyma því. En við tókum eftir því á Reykjavík Trópík að Jeff Who? voru með fleiri grúppur en við, enda spila þeir hraðari tónlist og auðvelt að syngja með, þannig að samkvæmt okkar útreikningum munum við jafnvel stækka aðdáendahópinn.

Árni+1: Nýja teknóstöffið er nefnilega frekar hratt, það er hægt að syngja með og dansa.


FAX OG I WISH U WERE HAIR

Var indíplatan flopp?

Árni+1: Indíplatan okkar var bara aðeins of hæg fyrir það sem við erum að gera núna.


HAIRDOCTOR

MARGT ER Í GANGI ÞESSA DAGANA OG MEÐAL ÞESS SEM STENDUR UPP ÚR HJÁ SIRKUS ER AÐ SJÁLFSÖGÐU HM OG SVO AÐ ÞEIR JÓN ATLI OG ÁRNI+1 ERU AÐ GEFA ÚT SÍNA AÐRA PLÖTU Á EINU ÁRI. EINNIG SKIPTU ÞEIR RAFMAGNSGÍTARNUM



TORÁHM

LJÓMSVEITIN HAIRDOCTOR. VARLA ÞARFNAST HM ÚTSKÝRINGAR EN HAIRDOCTOR VEKUR ÁHUGA OKKAR VEGNA ÞESS ÚT FYRIR MIDI-GÍTAR OG KÆRUSTUR ÞEIRRA SKIPA ANNAÐ OG MEIRA HLUTVERK EN AÐ VERA EINUNGIS KÆRUSTUR.



Sirkusmyndir: Jamael

Jón Atli: Hún er fin, þetta er góð plata og það er mjög skemmtilegt að hafa gert þá plötu, bara svona til að hrista okkur saman.

Árni+1: Við ætluðum að nefna plötuna Ágætis byrjun, en það var annað band búið að því, lélegt.

Jón Atli: Mér var búið að detta í hug að skíra hana Fax. En það er hugmynd um að skíra teknóplötuna I wish u were hair. Alltaf stutt í húmorinn, humarinn.

Árni+1: Við kynntumst í fylu en erum núna í stuði.

VIÐ SYNGJUM MEÐ ÞÝSKUM HREIM

Syngið þið á þýsku?

Árni+1: Við vorum að reyna að syngja á þýsku en við syngjum bara með þýskum hreim.

Jón Atli: Já það gekk eitthvað illa þannig að við sömduð frekar lag á ensku. Um leigubílstjóra nr. 22 sem er uppáhaldsleigubílstjórinn okkar í Reykjavík. Ef þið ætlið að panta ykkur leigubíl og viljið fá hressan gaur, með húmorinn í lagi þá skuluð þið hringja í 5885522 og biðja um leigubíl nr. 22. Lagið hljómar einhvern veginn svona; Driver number 22, everybody wants to be like u og síðan er...eeeem.

Árni+1: Ég man ekki textann, eitthvað Lion 49.

Jón Atli: Já, Lion 49 in the middle of night come and pick me up. Lion 49 er sko heimili mitt.

„ÞAÐ ER MIKILL MISSKILNINGUR AÐ TEKNÓ SÉ BARA FYRIR DÓPISTA, TEKNÓ ER FYRIR ÍPRÓTTAFÓLK SEM VILL HREYFA SIG EKKI BARA Á DAGINN HELDUR Á NÓTTUNNI LÍKA.“

HAIRDOCTOR STYÐUR ÍPRÓTTIR

Árni+1: Við erum að spila á HM og það má því með sannni segja að við séum gott dæmi um íslenska hljómsveit sem styður íþróttir.

Jón Atli: Við erum ekki mikið fyrir eitthvað rugl og það er mikill misskilningur að teknó sé bara fyrir dópista. Teknó er fyrir íþróttafólk sem vill hreyfa sig, ekki bara á daginn heldur á nóttunni líka, það þarf ekkert endilega að fá sér áfengi heldur kannski bara orkudrykk. Ég fékk mér einu sinni þegar ég var þarna úti að dansa, svona orkute með miklu gúrana og ginseng í og ég er liggur við ennþá að dansa. Og það er komið ár síðan.

BJÖRK SPILAÐI Á ÓLYMPÍULEIKUNUM OG VIÐ SPILUM Á HM

Hvernig verður ferðin?

Árni+1: Við erum að spila á 18 tónleikum á 10 dögum, nei ég lýg því, en næstum því.

Jón Atli: Við förum nú um helgina og spilum fullt og tökum dj-sett. Við spilum meðal annars á Rio sem er rosalegur teknóklúbbur sem kærasti söngkonunnar Peaches á. Síðan spila ég á útgáfutónleikum hans Namosh, sem var í Sirkus eins og við. Hann ætlar að leiða okkur um Berlínarborg og sýna okkur stuðið og við ætlum að sýna öðrum hvernig á að vera í íslensku stuði. Við þekkjum Namosh báðir en kynntumst honum í sitt hvoru lagi.

Árni+1: Ótrúlegt hvernig tónlistarmenn hittast bara sí svona.

Jón Atli: En málið er að við erum einu Íslendingarnir sem eru að spila á HM.

Árni+1: Ég meina Björk spilaði á Ólympíuleikumum og nú ætlum við að spila á HM 2006.

Jón Atli: Það má eiginlega segja það að við séum jafnfætis henni.

Blaðamaður var einstaklega vel upplýstur og kátur þegar hann kvaddi strákana sem kynntust í fylu en eru núna í stuði. Þeir í Hairdoctor eru taktfastir í HM ferðalaginu sínu og blaðamaður biður spenntur eftir að sjá þá á Amsterdam við Tryggvagötu, 29. júní eftir Berlínarævintýrið.

sigga@minnsirkus.is

Fyrir forvitna

Hairdoctor spilar víða í Berlín nú um helgina og fram yfir þá næstu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni: myspace.com/hairdoctormusic

**JÓN ATLI:
HÁRDOKTOR-
INN SJÁLFUR.**

17

WU TANG CLAN VAR EIN VINSÆLASTA HLJÓMSVEIT Í HEIMI UM MIÐJAN TÍUNDA ÁRATUGINN. SVO FÓR MEÐ ÞÁ OG MARGA AÐRA, ÞEIR VORU FLJÓTIR UPP OG FLJÓTIR AFTUR NIÐUR.

HVAÐ VARÐ UM GAFIANA Í WU TANG?

WU TANG CLAN Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA.



OL' DIRTY BASTARD

Ol' Dirty sem einnig hefur verið kallaður Dirt McGirt er látinn. Hann lést úr hjartaáfalli í fyrra og fannst kókaín í líkama hans. Ol' Dirty hafði glímt við öll vandamál heimsins í mörg ár, þegar honum tókst að hressa sig við og nældi sér í plötusamning hjá Rocafella Records. Hann lést í miðjum klíðum við upptöku plötunnar.



METHOD MAN

Method Man er töffarinn. Undanfarið hefur hann sést í sjónvarpsþáttum á borð við The Wire og OZ og alveg helling af kvikmyndum. Hann stefnir svo á að gefa út plötu á árinu og er fyrsta smáskífan komin þar sem hann tekur dúett með Lauryn Hill. Nokkuð töff.



THE GZA

The GZA er vist sá sem fer yfir allar rímurnar hjá Wu Tang. Undanfarið hefur hann verið að vinna og túra með Cypress Hill-snúðnum DJ Muggs og áttu þeir meðal annars að koma til Íslands í síðustu viku en tónleikum var frestað um óákveðinn tíma. GZA er vist líka ótrúlega góður í skák.



GHOSTFACE KILLAH

Ghostface Killah er líklega að gera bestu hlutina af hljómsveitarmedlimunum í dag. Nýlega gaf hann út plötuna Fishscale sem fékk þrjú dóm og rötuðu mörg lög inn á vinsældarlista.



THE RZA

The RZA er orðinn stórkall. Hann er núna í slagtoppi með Quentin Tarantino, gerir tónlist með Björk og þykir óskaplega finn pappír. Hann var meira að segja á Íslandi um áramótin, blindfullur. Hann er nú líka heilinn á bakvið Wu Tang Clan.



RAEKWON

Raekwon hélt tónleika á Íslandi í fyrra og var ekkert spes. Núna er hann að vinna í plötu og er það Busta Rhymes sjálfur sem er bak við tjöldin. Platan lofar vist rosa-góðu. Gaman verður að sjá.



U-GOD

U-god gaf út nokkrar drasplötur og er eiginlega horfinn núna. Hann er líka í einhverri fjölu vegna höfundaréttargreiðsna sem hann taldi hafa verið rænt af sér.



CAPPADONNA

Samkvæmt nýjstu fregnum keyrir Cappadonna leigubíl í New York. Án djóks.



INSPECTAH DECK

Hann var nú alltaf djöfullur góður rappari. Er ekki að gera plötur eða neitt í dag. Kemur þó fram í einhverjum lögum af og til.



NÓG AÐ GERAST Í TÓNLISTARÚTGÁFU

NÝJAR PLÖTUR AÐ DETTA INN


YEAH YEAH YEAHS – SHOW YOUR BONES

Rokksveitin Yeah Yeah Yeahs er umtöluð hljómsveit og þótti síðasta plata þeirra Fever to Hell nokkuð góð. Nýja platan hefur þó fengið blendna dóma.



rjominn.is – 2,0 af 5
pitchforkmedia.com – 6,8 af 10
metacritic.com – 7,9 af 10

PEARL JAM – PEARL JAM




Pearl Jam gefur út sína áttundu breiðskífu og nefna hana eftir hljómsveitinni. Þeir hafa greinilega engu gleymt og eru ekki allir á eitt sáttir um gæði plötunnar.

rjominn.is – 4,5 af 5
pitchforkmedia.com – 5,5 af 10
metacritic.com 7,5 af 10

NEIL YOUNG – LIVING WITH WAR

Neil Young gefur út flotta plötu sem er sögð hans besta í mörg ár.



rjominn.is 3,5 af 5
pitchforkmedia.com – 7,6 af 10
metacritic.com – 7,8 af 10

HOT CHIP – THE WARNING



Rafmeistarnir í Hot Chip gefa út nýja plötu sem allir elska. Voru flottir á Nasa hér um árið.

rjominn.is – 4 af 5
pitchforkmedia.com – 8,1 af 10

RED HOT CHILI PEPPERS – STADIUM ARCADIUM

Red Hot Chili Peppers er ekki af baki döttin og gefur út plötuna Stadium Arcadium eftir smá hlé. Ekkert nema stemming.



rjominn.is – 4 af 5
pitchforkmedia.com – 4,7 af 10
metacritic.com – 7 af 10
DV – Trausti Júlíusson – 4 af 5

DIKTA Á JÓANSØKU

Spennandi Íslenski rokk-popp bólkurinn Dikta kemur á Jóansökufestivalin. Dikta er seinasta árið vorðið ein tann best umtökta bólkurinn í Íslandi. Hetta er somuleiðis seinasta útlenska navnið, ið Jóansökufestivalurinn avdúkar á hesum sinni.



Seinasta flögan hjá Dikta, Hunting for happiness, hefur fingið sera góð ummælið. Og hefur eisinni verið söluvörð hjá bólkunum, sum í alt sumar er á tourne í Evropa, har leiðin eisini gongur á Roskilde Festivalin.

Það er sangarin í Dikta, ið er drívmeigin og tann, ið skrivar tónleikin. Talan er um eitt slag av óljóðspoppi, sangirnir eru fitt

og rættiliga vanlig popplög innan ymiskar greinar av poppi, men spæld við nógvum vilskapi og sera larmutt. Onkra lötú hoyrir tú funk í lögnum, aðra lötú soul og so framvegis.

Á konsertini í Nasa í sambandi við AME Reykjavík, var Dikta íslenska umboðið á skránni saman við føroysku bólkunum. Dikta framfórði við nógvum spæligleði og tað smittaði eisini áskoðararnar. Lögini vóru tó av eitt sindur svingandi góðsku, og hóast framfórslan var góð, so sat tú við kensluni av, at hetta var ein nýggjur bólkur, ið kundi arbeitt meira við tilfarinum. Sangarin var góður, og hetta er ein spennandi bólkur, ið fer at gera Jóansökufestivalin enn meira fjölbroyttan og áhugaverdan.



FÆREYSKA FRÉTTIN

ROGER WATERS HÉLT VEL HEPPNAÐA TÓNLEIKA Í EGILSHÖLL Á MÁNU-DAGINN. ÞAR RÆTTIST DRAUMUR MARGRA UM AÐ SJÁ KAPPANN SPILA OG ÞAR AÐ AUKI MÆTTI TROMMARINN MASON MEÐ HONUM. KRISTINN PÉTURSSON FÓR Á TÓNLEIKANA EN Í LEIÐinni KLÁRAÐI HANN 18 ÁRA GAMLA KVÖÐ, AÐ SJÁ ALLA Í PINK FLOYD SPILA Á SVIÐI.

TVÖ STEFNUMÓT VIÐ PINK FLOYD OG 18 ÁR Á MILLI

STEFNUMÓT VIÐ GILMOUR, MASON OG WRIGHT
Lexington, Kentucky, vorið 1988

Does anybody here remember Vera Lynn? Ég er skiptinemi í Cincinnati-borg í Ohio-ríki. Átján ára. Búinn að hlusta á Pink Floyd síðan ég var þrettán; Final Cut, síðasta platan sem þeir gerðu allir saman, hafði farið vel í mitt gelgjáða þunglyndi, margspiluð í Marantz-fermingargræjunum mínum (sem ég, nota bene, á ennþá og nota).

Pink Floyd eru löngu hættir og útséð með það að maður fái að sjá þá á tónleikum. En hvað gerist. Þeir Gilmour, Mason og Wright koma saman í einu stundarbrjálæði og gera plötuna Momentary Lapse of Reason. Og túra. Ég trúir ekki mínum eigin skynfærum þegar ég frétti að sveitin ætli að halda tónleika á stórum íþróttaleikvangi handan Ohio-árinna. Samt kaupi ég miða og fæ þá Francesco og Rafa, vini mína og skólafélaga frá Ítalíu og Spáni, til að slást í för með mér.

Er þetta draumur eða bara „one of these days“? Þeir jafnspenntir og ég. Og nú vantar bara farið. Redda því með amerískri vinkonu minni, kærasta hennar og vini í japönskum smábil. Pink Floyd er internasjónal. Talar til

þeirra sem vilja heyra. Læt mig hafa það að kúldrast aftur í skotti í hálf tímaakstri í það minnsta. Speningurinn er svakalegur.

Liðsmenn Floyds hins bleika eru frægir fyrir að vera myndfælnir. Myndatökur þannig aðar: Leitað við innganginn. Kameran samt meðferðis því ég ÆTLA að ná góðum myndum. Tek myndavélina í sundur og kem að dráttarlínsunni fyrir í nærbuxunum þannig að ég lít út eins og vel vaxinn pornóleikari, en Francesco sér um að smygla boddíinu inn. Og allt gengur eftir. Það er þreifað og þuklað við innganginn en ekki á hinum allra heilögustu stöðum.

Salurinn risastór, sá stærsti sem ég hef komið í. Okkar sæti efst og aftast. Útsýn samt góð, og sándið, maður lifandi: Búmmmm. Og sjóvið eftir því. Smelli af tveimur, þremur filmum 400 asa (stækkaði eina og rammaði inn eftir tónleikana). Við erum eins og litlir strákar að hitta Íþróttarálfinn í eigin persónu. Við föðmumst þarna á pöllunum og gott ef við grátum ekki líka. Við erum að horfa á goðin okkar og hlusta á tónlist sem við höldum að við fengjum aldrei að upplifa læf. Ég hugsa til Kalla vinar míns heima. Wish you were here. Við Kalli áttum Pink Floyd saman.

ROGER WATERS VAR FLOTTUR
Á SVIÐINU Í EGILSHÖLL.



ALLIR FJÓRIR PINK FLOYDARARNIR
KOMU SAMAN Á LIVE 8-TÓNLEIKUNUM
Í FYRRA Í FYRSTA SKIPTI Í 24 ÁR.



KRISTINN SÁ MOMENTARY OF LAPSE-TÚRINN ÁRIÐ 1988
ÞAR SEM GILMOUR, MASON OG WRIGHT TRÓÐU UPP.



KRISTINN ÞURFTI AÐ BÍÐA Í 18 ÁR
EFTIR AÐ SJÁ WATERS SPILA.

Minnispunktur fyrir næstu tónleikaferð:

- Taka með mér vatnsbrúsa.
- Fara í ofurháu glamrokkskónum mínum eða á stultunum hennar mömmu (til að sjá betur).
- Hafa með íbúfen (hálsgrigurrinn sko).



GÍFURLEG ÁSÓKN VAR Í MIÐA Á TÓNLEIKANA OG ALLS MÆTTU UM 15 ÞÚSUND ÍSLENDINGAR Á ÞÁ.

STEFNUMÓT VIÐ ROGER WATERS
Reykjavík, sumarið 2006

Nú var komið að því að ég sæi og heyrði það sem upp á vantaði af Pink Floyd. Nú var það höfuðpaurinn, sjálfur yfirseffinn, sækadellinn og æðstíprestur hins grúfaða þunglyndis, herra Waters. Og hann hafði með sér gamlan féлага, trymbilinn og múrarann Mason.

Keyrði á mínum skóðabíl ofan af Skaga. Nú sjálfur við stýrið og einn á ferð. Átján ár liðin frá síðustu fundum við Floydsins fríðu hljóma. Satt að segja ekki sama eftirvæntingin, en samt spenntur. Nú yrði bleik brugðið ef Rogerinn rokkaði ekki.

Ég var séður og lagði bílnum undir Úlfarsfelli og gekk yfir golfvöllinn stuttan spöl að Egilshöll. Þannig ætlaði ég að losna við það að verða innlyksa með bílinn eins og raunin varð með þá sem lögðu of nærri höllinni. Var kominn klukkan átta þegar tónleikarnir áttu að byrja. Löng röð við innganginn. Gekkt aftur með henni til að finna upptökin. Virti fyrir mér fólkíð í röðin og fór að reikna út svona sirka meðalaldurinn. Niðurstaða: plús mínus 40 ár. Gekkt áfram þangað til maður einn, um sirka fertugt, benti mér á að ég væri í raun að ganga í kolranga átt; að röðin byrjaði nefni-

lega handan við hæðina sem skildi að bílastæðið framan við höllina og veginn hinum megin. „Ertu að segja það satt?“ spurði ég. Hann kinkaði kalli og ég vatt mér yfir hæðina. Og sjá, þar var önnur röð og lengri. „Allt í góðu lagi,“ hugsaði ég. „Þeir byrja ekki tónleikana fyrr en flestir eru komnir í hús.“ Röðin var löng og sagt er að hún hafi spannað tvö póstnúmer.

Eftir tuttugu mínútur var ég búinn að fá ósýnilegan stimpil á handarbakið og kominn inn á svæði A. Tímasetningin gat ekki verið betri; Rogerinn plöggaði í bassann og taldi í, á íslensku: Upp með Múrin. Þetta var ekki leiðinlegt og ekki heldur það sem á eftir kom. Tók mér stöðu aftast á A-svæðinu og íklæddist gæsaúðinni:

How I wish, how I wish you were here.
We're just two lost souls
Swimming in a fish bowl,
Year after year,
Running over the same old ground.
What have we found?
The same old fears.
Wish you were here.

19

TÍSKUBRANSINN HEILLAR MARGA OG ER OFT DRAUMASTARFSVETTIVANGURINN. MARGIR GEFAST ÞÓ UPP Á LEIÐinni. ÞÆR KRISTÍN EDDA ÓSKARS-DÓTTIR OG HELENA KONRÁÐSDÓTTIR ERU STAÐRÁÐNAR Í AÐ LÁTA ÞAÐ EKKI GERAST EN ÞÆR KALLA SIG ÉGOGÉG. STELPUARNAR ERU Á LEIÐinni Í LONDON COLLEGE OF FASHION Í HAUST OG SÖGÐU SIRKUS FRÁ SJÁLFUM SÉR.



TÖKUM LONDON MEÐ TROMPI Í HAUST

ÉGOGÉG
KRISTÍN EDDA OG HELENA KALLA SIG
ÉGOGÉG OG ERU AÐ FÓTA SIG SEM
STÍLISTAR. ÞÆR FARA BÁÐAR Í LONDON
COLLEGE OF FASHION Í HAUST.

Bransanafnið er égogég, ekki satt?
Kristín Edda: „Jú það er rétt, við köllum okkur égogég og erum hið fullkomna teymi.“

Segið mér aðeins frá ykkur?
Helena: „Við erum báðar 21 árs og lærðum í Emm School of Make Up. Þar gerðum við margt skemmtilegt bæði í stíliseringu og förðun. Í gegnum skólann fengum við að aðstoða við ýmis verkefni, sjónvarpsþátt, plötukover og fleira. En núna er boltinn fyrst farinn að rúlla hjá okkur og við farnar að gera eitthvað stærra. Til dæmis forsíður á blöðum, tískusýningar og auglýsingar.“

Kristín Edda: „Áður en við fórum í skólann þekktumst við ekki neitt en vissum hvor af annarri og þekktum mikið af sama fólkinu. Svo náðum við ótrúlega vel saman og ákváðum að halda samstarfinu áfram eftir skólann. Það hefur bara reynst okkur svona líka vel.“

Hvað gerir ykkur sérstæðar?
Helena: „Við erum ungar og tiltölulega nýjar í bransanum og setjum okkur engin takmörk í því sem við tökum okkur fyrir hendur. En síðan höfum við að sjálfsögðu brennandi áhuga á tísku og fjölbreyttu fólki.“

Er ekki mikil samkeppni?
Kristín Edda: „Jú, auðvitað. En það er svo mikið í gangi þessa dagana þannig að það eru mörg verkefni í boði. Málið snýst bara um að vera duglegur og samkvæmur sjálfum sér. Svo skaðar auðvitað ekki að þekkja rétta fólkið.“

Ykkar stíll?
„Vítt og þröngt. Stórt og lítið en alltaf kúl,“ segja þær og hlæja.

Hvað er fram undan?
Helena: „Að vinna sem mest við þetta í

sumar. Svo bara að taka London með trompi. Við erum báðar að fara í London College of Fashion í haust. Það er náttúrliga megaspennandi.“ Helena er að vonum spennt og Kristín Edda tekur vel undir þetta.

Fullkomið kvöld hjá ykkur?
Kristín Edda: „Það byrjar á því að ég kaupði eitthvað ýkt kúl til að vera í. Hitti svo stelpurnar og við tökum okkur til saman, fáum okkur í glas (helst úti í garði í sól og hita). Síðan er kjaftað og hlegið, því ég á skemmtilegustu vinkonur í heimi. Svo enda ég niðri í bæ á Barnum og dansa fram á morgun.“

Helena: „Það væri klárlega að sameina alla vinina, hittast öll og drekka og dansa úr okkur vitnið. Þetta gerist á afskektri eyju og við endum svo öll á trúni í stjörnuþjartri nóttinni.“

sigga@minnsirkus.is



HELENA KONRÁÐSDÓTTIR & KRISTÍN ERLA ÓSKARSDÓTTIR



SÝNISHORN AF VERKUNUM KRISTÍN EDDA OG HELENA GERÐU MYNDAÞÁTT FYRIR SIRKUS.



KREM SEM RÉTTA HJÁLPARHÖND

ÞAÐ ER EITT AÐ SLEPPA VIÐ HRUKKUR OG ANNAÐ AÐ LOSNA VIÐ EÐA HALDA APPELSÍNUHÚÐINI Í SKEFJUM. ÞAÐ ER HÆGT AÐ HALDA APPELSÍNUHÚÐINI NIÐRI MEÐ ÞVÍ AÐ HALDA SÉR Í KJÖRÞYNGD, DREKKA MIKIÐ VATN OG ÆFA REGLULEGA. SÍÐAN ER HÆGT AÐ NOTA KRAFTAVERKAKREMIN FRÁ BIODERM OG LANCÔME TIL HJÁLPAR. SIRKUS ÁKVAÐ AÐ RENNA YFIR ÞESSI MÁL.



1. LANCÔME – RESURFACE

Endurnýjar og endurmótar húðina, vinnur á hrjúfri húð, lagfærir húðlýti og gerir áferð húðarinnar fingerðari. Kremið örvar náttúrulega flögnun húðarinnar og eykur einnig áhrif örkristallanna.

2. LANCÔME – BODY SCULPTESSE

Það nýjasta nýja í appelsínuhúðarvandráðum, vafningurinn dregur sýnilega úr appelsínuhúð á lærum og styrkir húðina með því að örva myndun kollagenþræða og styrkja uppbyggingu þeirra.

3. BIODERM – ABDO CHOC

Dregur úr ójöfnuði, styrkir og þéttir húðina, tilvalið fyrir allar húðgerðir. Kremið er sérstaklega fyrir magann en er líka fyrir líkamann. Húðin verður stinnari, þéttari og sléttari með hverjum deginum sem kremið er notað. Þetta krem er notað til að grenna og styrkja magann og líkamann.

4. BIODERM – SLIMMING BODY EXPERT

Efnin í spreynu örva aðalensímefni keratíns í húðinni, svo að húðin endurnýji sig betur. Einnig róar og endurnýjar spreymi húðina. Gott að úða á líkamann kvöld og/eda morgna. Nuddið húðina til þess að fá ennþá betri árangur.

5. BIODERM – CELLULI CHOC

Dregur úr ójöfnuði og styrkir húðina svo um munar. Kremið er tilvalið fyrir allar húðgerðir og dregur svo um munar úr appelsínuhúð. Húðin verður jafnari og sléttari og árangur er bestur ef kremið er notað bæði kvöld og morgna.

6. LANCÔME – SLIM SUCCESS

Þetta krem brýtur niður fituna í fitufrumunum og hjálpar til við að eyða henni með því að örva og auka útgönguleiðir fitufrumanna. Takmarkar nýja fitusöfnun með því að hefta inngang sykurs og fitu í frumurnar. Minnkar ummál svo um munar.

7. BIODERM – CELLULI INTENSE PEEL

Fyrsta mótandi líkamsvaran sem hefur tvöfalda virkni, vinnur á appelsínuhúð og slípar húðina. Einstök vara sem hefur áhrif kornkremis og grennandi áhrif. Slípar og fjarlægir appelsínuhúð, gerir útlínur fallegri og endurnýjar húð. Slípar og losar.

8. BIODERM – CELLULI INTENSE PEEL

Einstök vara sem hefur áhrif kornkremis og hefur grennandi áhrif. Tvöföld virkni, vinnur á appelsínuhúð og endurnýjar húðina.

ÓSKALISTINN...

FÍLLINN ER LEIKFANG („MANÉGE“) SEM OG FALLEGT SKRAUT OG FÆST Í KISUNNI Á LAUGAVEGINUM Á 3.700 KRÓNUR.

SNILLDARLESNING SEM ALLIR ÆTTU AÐ HAFA GAMAN AF. KÍKIÐ ENDILEGA Á BLÖÐIN Í BELLEVILLE. ÞAU KOSTA FRÁ 790 TIL 890 KRÓNUR.

ÞAÐ ER HÆGT AÐ SKREYTA MEÐ ÞESSUM FALLEGUM ÞÚÐUM ÚR KISUNNI. ÞEIR KOSTA UM 5.400 KRÓNUR.

ANDY MÚS FRÁ MEDICOM TOYS. EINN AF MÖRGUM FLOTTUM SAFNGRIPUM SEM FÆST Í BELLEVILLE Á LAUGAVEGINUM OG KOSTAR 8.900 KRÓNUR.

L'Occitane reykelsin eru ávina-bindandi og er úrvalið endalaust. L'Occitane á Laugaveginum.

Almond-sprey og krem frá L'Occitane sem eru himnesk, algjört móst fyrir alla. L'Occitane á Laugaveginum

Bernhard Willhelm / Linda Farrow vintage sólgleraugu úr Belleville á 16.900 krónur.

Sumarið er tími til að skipta um ilm. Ilmirnir í Kisunni er æðislegir og kosta á bilinu 6.000 til 7.950 krónur

HÁRSKRAUT: TRÍLÓGÍA.
BOLUR: TRÍLÓGÍA.
HÁLSMEN: EINKAEIGN.
LEGGINGS: TRÍLÓGÍA.
KJÓLL OG SKÓR: EINKAEIGN.



SHOWTIME

GLEÐI, GLITTER OG GLAUMUR ER ÞAÐ SEM SUMARIÐ BER Í SKAUTI SÉR OG ÞVÍ ER UM AÐ GERA AÐ HEFJA FAGNAÐARLÆTI. GLEÐIN HÓF GÖNGU SÍNA Á SILFRI, HINUM NÝJA OG GLÆSILEGA VEITINGASTAÐ GÖMLU BORGARINNAR SEM ER FULL AF SÖGU OG MINNINGUM UM HORFNA TÍMA.

KORSELETT: TRÍLÓGÍA.
HÁRSKRAUT: KVK.
SOKKABUXUR: KVK.
NÆRHALD: GYLTI KÖTTURINN.



PILS: MONDO. BOLUR: SPÚTNIK. SOKKABUXUR OG SKÓR: EINKAEIGN.

KJÓLL: TRÍLÓGÍA.



BOLUR: SPÚÓTNÍK.
BUXUR: TRÍLÓGÍA.
SKÓR OG HÁLSMEN: EINKAEIGN.



Ljósmyndari: Heiða Helgadóttir. Stílistar: Ása Ottesen og Sígga Ella. Módel: Eva Dögg. Förðun: Hrefna frá Emm School of Makeup, Þakkir: Silfur.



ELEY KISHIMOTO
SÝNDI FYRST
ÁRIÐ 2001.




MARK ELEY OG WAKAKO
KISHIMOTO ÞAKKA FYR-
IR EFTIR VEL HEPPNABA
SÝNINGU Á VOR- OG
SUMARLÍNUNNI 2005.



ELEY KISHIMOTO Á
BRITISH FASHION
COUNCIL.

EDALTEYMI

ELEY KISHIMOTO, HIÐ FAGRA OG FRUMLEGA MERKI ER Í HÖNDUM HÖNN-
UÐANNA MARK ELEY OG WAKAKO KISHIMOTO. ÞAU ÚTSKRIFUÐUST FRÁ
BRIGHTON POLYTECHNIC OG CENTRAL SAINT MARTINS ÁRIÐ 1992.
HÖNNUN ÞEIRRA HEFUR VERIÐ MIKIÐ Á MILLI TANNANNA Á FÓLKI OG
ÞAU VEKJA ÁVALLT UMTALSVERÐA ATHYGLI.
HÖNNUN ELEY KISHIMOTO ER LÍKT VIÐ ALEXANDER MCQUEEN, HUSSEIN
CHALAYAN, YVES SAINT LAURENT OG CLEMENTS RIBERIO. ÞAU SÝNDU
FYRST HAUST- OG VETRARLÍNU ÁRIÐ 2001 Á TÍSKUVIKUNNI Í LONDON EN
GERÐU EINNIG SKÍÐALÍNU MEÐ ÍPRÓTTAMERKINU ELLESSE.
NÚNA BÍÐA ALLIR EFTIR FYRSTU KARLALÍNUNNI FRÁ ÞEIM SEM VON ER Á
NÚNA Í SEPTEMBER. EINS OG VONANDI FLESTIR VITA ÞÁ SELUR BÚÐIN
KRONKRON FATNAÐ FRÁ ELEY KISHIMOTO.



FRÁ SÝNINGUNNI Í
LONDON 2004.



TÍSKUVIKAN Í LONDON
20. SEPTEMBER 2004.



Leiðin að hjarta manneskjunnar er í gegnum magann

Eldbakaðar pizzur | Speltpizzur | Kaffihús | Súrdeigsbeyglur og samlokur | Heilsuvafningar og súpur | Kósí krá á kvöldin



REYKJAVÍK
PIZZA
COMPANY

„Skemmtistaður bragðlaukanna“

Laugavegi 81 - 101 Reykjavík - Sími 561 3838

ÚTVARPSMAÐURINN ÞÓRÐUR DANÍEL ER MEÐ EINA HEITUSTU VAKTINA SEM BOÐIÐ ER UPP Á ÍSLENSKU ÚTVARPI, KVÖLDIN Á FM 957. STÖÐIN NÆST Í GÓÐUM GÆÐUM ÚT UM ALLT LAND OG FÆR ÞRUSUHLUSTUN Í ÖLLUM SVEITARFÉLÖGUM. ÞAÐ ER ÞVÍ NÓG AÐ GERA HJÁ ÞÓRÐI ÞEG-AR HANN SETUR PARTÍTÓNLIST-INA SÍNA Á FÓNINN.

ÞÓRÐUR DANÍEL STJÓRNAR PARTÍ/ÆTTI SEM HLUSTAÐ ER Á ÚT UM ALLT LAND.



FÆR HUNDRAÐ BOÐ Í PARTÍ Á KVÖLDI

„Síminn er bókstaflega rauðglóandi allan tímann. Ég fer í loftið klukkan 22 á föstudags- og laugardagskvöldum og sit vaktina alveg til klukkan þrjú um nóttina. Það er verið að hlusta í partíum út um allt Ísland og fólk er í rosalegu stuði,“ segir Þórður Daníel útvarpsmaður á FM 957. Þátturinn sem hann stjórnar er einn sá vinsælasti út um allt land en hann heitir því einfalda nafni FM-partí.

SÖNGKEPPNIN VINSÆL

Þórður segist spila alla þá tónlist sem flokkast undir partítonlist, hvort sem það eru rokkararnir í Metallica, Prince, Bonnie Taylor eða Britney Spears. „Allt sem er partí er kúl. Svo er ég með alls konar leiki og fólk tekur mjög vel í þá. Einn sá vinsælasti er söngkeppnin. Þá læt ég fólk syngja eitthvað lag eins og það eigi lífið að leysa og það partí sem stendur sig best fær að taka yfir FM 957. Velja nokkur næstu lög sem fara í spilun. Það er mjög gaman að hlusta á það,“ segir Þórður og hlær.

KEPPTI Í HERRA ÍSLAND

Þórður hóf störf á FM 957 í febrúar og fór beint í partíð á helgarkvöldum. Sá tími hent- ar honum líka mjög vel

því hann er einnig að læra að verða kokkur. „Já, ég vinn á veitingastaðnum Einari Ben þannig að þessi tími á þættinum hentar mér mjög vel,“ segir Þórður, sem ætlaði sér að verða enn meira en kokkur og útvarpsmaður.

Í fyrra tók hann þátt í keppninni Herra Ísland og gekk ágætlega. „Já, ég lenti í topp tíu, og það í símakosningu þannig að það var fínt. En þetta var nú svona „once in a lifetime“ reynsla og skemmtileg sem slík.“

KÍKIR NIÐUR Í BÆ EFTIR ÞÁTT

Þórður hefur tekið miklum framförum síðan hann byrjaði í febrúar en fyrst lenti hann aðeins í vandræðum með græjurnar. „Ég tók óvart símtöl í beina útsendingu og svona, ekkert mikið. En nú er ég að reyna að skapa mér minn eigin stíl. Enda læri ég af þeim bestu þarna niðri á FM 957.“

Þrátt fyrir að vera í stanslausri keyrslu í hljóðverinu á FM 957 í fimm klukkustundir á helgarkvöldum segist Þórður alls ekki búinn á því eftir útsendingu. Í stað þess að lognast út af á beddanum heima kíkir hann oft niður í bæ.

„Ég er alls ekki búinn á því. Enda fæ ég hundrað boð í partí á kvöldi. Þannig að það er alveg á hreinu að ég verð þarna áfram á meðan það er svona rosalega gaman.“



ÞÓRÐUR TÓK ÞÁTT Í HERRA ÍSLAND Í FYRRA OG KOMST Í TOPP TÍU.

Útvarp **X** 97.7

X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	LAG	FLYTJANDI
1.	His Lyrics Are Disastrous	Jakobínarína
2.	You Only Live Once	The Strokes
3.	Hate Me	Blue October
4.	Is It Love	Dr. Mister & Mr. Handsome
5.	Saying Sorry	Hawthorne Heights
6.	Supermassive	Black Hole Muse
7.	Welcome Home	Coheed And Cambria
8.	Shine	Benny Crespos Gang
9.	Bang Bang, You're Dead	Dirty Pretty Things
10.	The Zookeepers Boy	Mew
11.	Enemies Like This	Radio 4
12.	Woman	Wolfmother
13.	The Adventure	Angels and Airwaves
14.	Life and Habits	Wulfgang
15.	Miss Murder	A.F.I.
16.	Vicarious	Tool
17.	Dramatísk rómantík	Fræ
18.	Over And Over	Hot Chip
19.	Too Many Puppies	Atómstöðin
20.	Better Do Better	Hard-Fi

STRÁKARNIR Í JAKOBÍNARÍNU HITA UPP FYRIR PLÖTUNA SÍNA MEÐ STÓRGÓÐU LAGI Í FYRSTA SÆTI.

FM957

ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	LAG	FLYTJANDI
1	Crazy	Gnarls Barkley
2	Gone Going	Black Eyed Peas
3	Losing A Friend	Nylon
4	Where'd You Go	Fort Minor
5	Hips Dont Lie	Shakira Ft. Wyclef
6	Girl Next Door	Saving Jane
7	Dance Dance	Fall Out Boy
8	And She Said	Lucas Prada
9	For You I Will	Teddy Geiger
10	Savin Me	Nickelback
11	Hvar sem ég fer	Á móti sól
12	Better Together	Jack Johnson
13	Ó María	Gréta Mjöll
14	Hard Rock Hallelujah	Lordi
15	Barfly	Jeff Who?
16	Promiscuous	Nelly Furtado
17	Who Knew	Pink
18	Walk Away	Kelly Clarkson
19	17 Years	Drifskaf
20	Sin Sin Sin	Robbie Williams

GÆJARNIR Í GNARLS BARKLEY EIGA HEITASTA SMELLINN ÞETTA MISSERÍÐ.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGURINN 16. JÚNÍ

OLIVER

Í kvöld er það afkvæmi kölska, sjálft JBK sem leikur fyrir gesti skemmtistaðarins Oliver. Með honum verður síðan Addi trommari og þá hlýtur allt að verða vitlaust.



PRÍKIÐ

Það verður blásið til stórsóknar á Prikinu. Hljómsveitin sem á skemmtilegasta auglýsingalag landsins, Jeff „lalalalala“ Who? spilar á Prikinu upp úr klukkan 21. Það borgar sig því að mæta snemma í bjórinu því strákarnir eru funheitir á sviðinu og eiga fullt af aðdáendum. Þegar þeir ljúka sér af er það síðan enginn annar en Gísli Galdur sem tekur við. Og það köllum við góða dagskrá.

KAFFI VICTOR

Sá orðrómur sem hefur flætt um alnetið að sjálfur Dj Jón Gestur Gröndal ætli að láta sjá sig á Victornum í kvöld er sannur. Joe Guest eins og hann er kallaður í útlöndum mætir sprækur og lætur hitann flæða. Engin hætta á öðru.

CAFÉ PARIS

Café Paris er núna orðinn mjög evrópskur klúbbur þar sem allir eru í massa stuði, en sérstaklega á kvöldin. Um þessa helgi mun Nökkvi nokkur Svavars sjá um tónlistina og eins og hann segir alltaf: „Manstu ekki eftir mér, frábært hár“. Svo eru líka loforð um að stelpurnar og strákarnir á barnum dansi kónga og skottís.

VEGAMÓT

Sumir menn heita nöfnum og enn aðrir heita jafnvel öðrum nöfnum. Þó eru til menn sem heita svo fallegum nöfnum að meðalmaðurinn á bágt með að bera þau fram. Dj Símon er maður af þeirri sort. Hann flexar babarinn, eins og fagmaður á Vegamótum í kvöld. Sjáid manninn á bak við nafnið.

THORVALDSEN

Klukkan er fjögur ... finndu mig á Thorvaldsen að kyssa gamlan ísmola. Fjórið verður þar um helgina það er alveg víst, það er enginn annar en sjálfur Daddi diskó sem tekið hefur að sér bæði kvöldin og hann er sko ekkert að grínast.



HVERFISBARINN

Það er Dj. S.T.E.F sem sér um fönkið á Hvebbanum (nebbanum) á laugardagskvöldið. Þetta er litli maðurinn með stóra hjartað og stóra afróid og væntanlega vita allir að hann er með stærra typpi en flestir, eins og nafnið gefur til kynna.

LAUGARDAGURINN 16. JÚNÍ



JÓMFRÚIN

Jómfrúin við Lækjargötu býður upp á rosalegan djass. Jól Pálsson treður upp ásamt Flís tríóinu, þeim Davíð Þór Jónssyni á píanó, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni á kontrabassa og Helga Svavari Helgasyni á trommur. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og standa til kl. 18. Leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni. Aðgangur er ókeypis.



DILLON

Það verður mögnuð stemning á miðnætti á Dillon þegar strákarnir í Brain Police bjóða þjóðhátíðargestum og gangandi upp á miðnæturtónleika. Frítt er inn og má því búast við troðningi. Svo mun Andrea Jónsdóttir sjá um að þeyta skífum þar sem eftir lifir nætur.

ÓLIVER

Það er smurkonungurinn Smørrebrød sem sér um smjórið fram eftir kvöldi en á miðnætti þegar næturhaninn galar tekur Dj Daði við.

KAFFI VICTOR

Dj Jón Gjesý Gröndal sýnir það sem í honum býr og verður ber að neðan frá 02:36 fram á rauða nótt á Café Victor, Live 8!

CAFÉ PARIS

Café Paris er núna orðinn mjög evrópskur klúbbur þar sem allir eru í massa stuði, en sérstaklega á kvöldin. Um þessa helgi mun Nökkvi nokkur Svavars sjá um tónlistina og eins og hann segir alltaf: „Manstu ekki eftir mér, frábært hár“. Svo eru líka loforð um að stelpurnar og strákarnir á barnum dansi kónga og skottís.



PRÍKIÐ

Sjálfur Benni B. Ruff sér um að halda höndunum upp í loft og mjöðmunum vaggandi þetta kvöldið á Prikinu. Litil hætta á öðru. Aheldénú!

HVERFISBARINN

Dj. S.T.E.F sér aftur um fönkið á Hvebbanum á laugardagskvöldið.

THORVALDSEN

Klukkan er fjögur ... finndu mig á Thorvaldsen að kyssa gamlan ísmola. Fjórið verður þar um helgina það er alveg víst, það er enginn annar en sjálfur Daddi diskó sem tekið hefur að sér bæði kvöldin og hann er sko ekkert að grínast.

SVADALEGT KLÚBBAKVÖLD Á 17. JÚNÍ

Flex Music býður upp á íslenskt klúbbakvöldi á Nasa á laugardaginn. Þar koma fram íslenskir plötusnúðar og tónlistarmenn í risahljóðkerfi (því sama og var notað þegar Deep Dish gerði allt vitlaust í apríl).

Dj Leibbi byrjar klukkan 23, þegar húsið opnar. Hann hefur verið að spila undanfarin 15 ár og er af mörgum talinn einn af betri house-plötusnúðum landsins.

Á eftir honum stíga svo snillingarnir í Funk Harmony Park á svið og spila „live“. Funk Harmony Park samanstendur af fjórum mönnum sem kalla sig Roofuz, Mr. Minute, Leon S. Kemp og Elviz 2. Þeir koma fram með svokallað dj-sett sem samanstendur af dj-græjum, fartölvum, effectum og fleiri hljóðfærum. Þeir munu flytja mikið af nýju efni.

Þar á eftir tekur Doninn sjálfur við sviðinu, Grétar G, og mun hann spila til lokunar. Þetta er svokallað lokapartí hjá hjá Grétari (sem einnig er annar eigandi Flex Music) þar sem hann er á leið í nám erlendis, í hljóðblöndunarskóla. Hann hefur látið hafa eftir sér að hann muni spila eitt það allra



flottasta DJ-sett á ferlinum. Mikið af nýju efni í bland við gamla „klúbbaslagara“. Miðar kosta 1000 krónur og verða allir seldir við hurð.

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

MYNDLISTARSÝNINGAR

HAFNARBORG

Sýning á ljósmyndum og málverkum listmálarans og ljósmyndarans Patriks Huse og stendur hún yfir til 30. júní.

ENERGÍA

Sandra María Sigurðardóttir heldur málverkasýninguna Moments and mun hún standa yfir til 30. júní. Viðfangsefnið er manneskjan.

LISTASAFN ÁRNESINGA, HVERAGERÐI

Litrík textilsýning og þótt verkin séu gerð úr iðnaðarefnum á borð við MDF, gler og stál þá tjáir MDF-efnið hið lífræna efni enda í sjálfu sér ekki ólíkt jarðvegi og mold. Sýningin stendur til 18. júní og er opin alla daga 11.00–17.00.

ANIMA GALLERÍ

Erla Þórarinsdóttir, Dædir og duldir heitir sýningin og mun hún standa til 25. júní.

CAFÉ MILANÓ

Ljósmyndir á striga eftir Reyni Þorgrímsson, hann opnaði sýninguna síðast mánudag en hún mun standa fram eftir júnímánuði.

SUBSUÐVESTUR

Þórunn Hjartardóttir sýnir í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjaneshöfn (Keflavík) undir yfirskriftinni Hvernig er Suðsuðvestur? Þetta er einhvers konar límbandsinnsetning ef svo má að orði komast. Stendur til 18. júní.

GALLERÍ SÆVAR KARLS

Reiter sýnir um 20 myndverk sem hann hefur málað undir hughrifum frá Íslandsferð fyrir einu og hálfu ári. Þá ferðaðist hann um óbyggðir landsins og má sjá áhrif þess í myndunum sem hann sýnir. Sýningin stendur til 5. júlí.



KAFFI SÓLÓN

Þórunn Maggý Mýrdal Guðmundsdóttir sýnir kröftug málverk á Kaffi Sólón núna yfir helgina svo að það er um að gera að kíkja á sýninguna sem og prófa nýja matseðilinn.

LISTA- OG MENNINGARVERSTÖÐIN HÓLMARÖST

Málverkasýning Elfars Guðna og mun sýningin standa yfir um helgina svo það er um að gera að drífa sig og sjá.

HALLGRÍMSKIRKJA

Sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju. Ásgerður Búadóttir sýnir í forkirkju Hallgrímskirkju. Ásgerður er frumkvöðull nútímavefflistar og er sýningin í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands og mun sýningin standa yfir til 26. ágúst.

KARÓLÍNA RESTAURANT

Joris Rademaker sýnir ný verk. Sýningin kallast mjúkar línur/Smooth lines og stendur til 6. október.

KETILSHÚSIÐ LISTAGILI

Soffía Sæmundsdóttir sýnir málverk á tré, striga og pappír. Sýningunni lýkur á sunnudag.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS, LAUGARNESI

1. og 2. árs nemendur LHÍ sýna afrakstur námskeiðsins Textill og samtíminn undir leiðsögn Guðrúnar Gunnarsdóttur.

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

Fastasýning. Í safninu eru seldar gifsafsteypur af frumverkum listamannsins. Einnig eru til sölu bækur um listamanninn, kort af verkum hans ásamt veggspjöldum af tveimur málverka hans.

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

LISTASAFN ÍSLANDS

Sýningar á verkum Birgis Andrésónar og Steingríms Eyfjörð, verkin á sýningunum spanna allan feril listamanna. Vegleg fræðsludagskrá í tengslum við sýninguna. Sýningin er til 25. júní.

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Sýningin Í EYGSJÓN? Sex færeyskir málara.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN

Ásmundur Sveinsson – Maður og efni. Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Sýning fyrir unga listunnendur sem sett er upp fyrir unga listunnendur í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.



LISTASAFN KÓPAVOGS, GERÐARSAFN

Guðjón Stefán Kristinsson, Sagnir og seiðmenn sýnir verk úr rekavið og veggheðslur úr grjóti og gleri. Ketill Larsen, Andblær frá öðrum heimi, Jón Ólafsson-Kvunndagsfólk, portretmyndir málaðar með akrýllitum. Sýning stendur til 30. júní.

REYKJAVÍKURBORG

Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst. Stella sýnir skilti á 20 stöðum víða um borgina, svo um að gera að hafa augun opin.

CAFÉ KARÓLÍNA

Sunna Sigfríðardóttir sýnir myndir af blómum, allar myndirnar eru unnar með bleki á pappír og stendur sýningin til 30. júní.

NÆSTI BAR

Undanfarin ár hefur Snorri Ásmundsson þróað með sér andlega tækni í málalísi, verk hans eru talin hafa lækningarmátt, svo ekki missa af sýningunni og kannski hverfur hausverkurinn.

LISTASAFN ASÍ

Huginn Þór Arason og Unnar Örn Auðarson sýna í Listasafni ASÍ. List er ekki spegill – list er hamar. Opnið 13.00-17.00 og stendur til 25. júní.

AFMÆLISÝNING LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR

Í tilefni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur færir safnið ljósmyndaeign sína nær íbúum og gestum borgarinnar. Á útsýningu á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fögetagarði gefst áhorfendum kostur á að kanna þetta svæði í gegnum ljósmyndir frá liðinni öld og bera mannlíf og borgarmynd fortíðarinnar saman við Reykjavík dagsins í dag.

THORVALDSEN BAR

Marínó Thorlacius með ljósmyndasýninguna „dreams“. Ljósmyndirnar hans eru alveg sér á báti og hafa þær vakið mikla athygli bæði hérlendis sem og erlendis. Sýningin stendur yfir þessa helgi og næstu svo það er um að gera að drífa sig.

101 GALLERÍ

Steinn Þórarinsdóttir sýnir til 22. júlí, komið og þið munuð vera margs vísari, en það er einungis opið á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum.

SAFN

Verk eftir listakonurnar Karin Sander & Ceal Floyer verða í Safni. Opnun sýninganna er laugardaginn 13. Maí kl. 16:00. Sýningarnar eru opnar til 2. júlí. Auk verka eftir listakonurnar tvær verða sýnd verk úr safneigninni.

HELGIN HJÁ MERKJUNUM



Steingeit (22. des. – 19. jan.)

Steingeitin hefur gengið í gegnum frekar erfiða tíma og hefur verið einræð og lítið fyrir félagsskap. Steingeitin er ekki bara í stuði til þess að litast um eftir hlutum heldur fólk sem er hugsanlega fært um að auða líf hennar. Borgaðu rétt verð. Þú átt ekki að þurfa að fóma öllu hjartanu fyrir ástina.



Vatnsberinn (20. jan. – 18. feb.)

Þú ert á milli steins og sleggju þessa dagana og þér finnst það erfið og það nagar þig að innan. Annar leggurinn þarfnast mikillar polinmæði og biðar, hinn tafarlausa framkvæmda. Ef maður er ekki viss, er betra að velja að biða rölegur. Þú sérð hvenær er rétti tíminn, þú bara finnur það.



Fiskamir (19. feb. – 20. mars)

Það skiptir engu máli hvað aðrir telja sig vita því það ert þú sem veist þín takmörk og drauma. Kæri fiskur, þú getur allt sem þú vilt geta en oft gleymirðu hvað tímanum líður. Þó að draumur þinn kunnir að virðast langsóttur í augum einhverra sem þú berð virðingu fyrir, er það engin ástæða til þess að gefa hann upp á bátinn.



Hrútur (21. mars – 19. apríl)

Það sem þú þarft að hafa hugfast er að vinur eða vandamaður þarf á þér að halda. Það munu viðvörunarbjöllur fara af stað og þar með skalt þú vera reiðubúinn. Hrúturinn er stríðsmaður dýrahingsins og eitt af verkefnum hans er að verja. Vertu augu og eyru og ef þú verður þess áskynja að eitthvað er ekki eins og það á að vera, áttu að gera eitthvað í því.



Nautið (20. apríl – 20. maí)

Geta þín til þess að laða það besta fram í öðrum leiðir til þess að þú kemst nær þínum eigin markmiðum. Ekki gleyma þér á leiðinni og þú skalt meta þig að verðleikum. Þú berð af þessa dagana og geislar. Eitt er víst að breytingar munu verða og þú situr og undirbyrð þig, hvað það er kemur í ljós.



Tviburamir (21. maí – 21. júní)

Himintunglin lána tviburarum stækkunargler sem hjálpar honum við að gaumgæfa líf sitt með sándrandi skýrleika. Þetta er eitthvað sem þú hefur beðið eftir lengi en hefur ekki haft tíma í. Tíminn er dýrmætur og þú skaltu aðeins breyta út af vananum og eyða frítímanum í eitthvað sem þú græðir á, góðar samræður við maka eða vini, útvíst eða lestur. Það er allt betra en að eyða göðum tíma í sjónvarpið allt til dagskrárloka.



Krabbi (21. júní – 22. júlí)

Lífið felur í sér ýmsar áskoranir og mundu krabbi minn að gæta þín hversu langt þú gengur til þess að forðast eldinn. Oft er gott að hafa varann á en hafðu það hugfast að varnarveggurinn má ekki verða það stór og mikill að enginn kemst að þér. Það er gott að eiga einhvern til að tala við og það er gott að hleypa fólki inn, mundu að það er gott að gefa og þiggja og þetta á svo sannarlega við í þessu samhengi.



Ljónið (23. júlí – 22. ágúst)

Þú hefur látið ljós þitt skína og að þessu sinni forstu ekki í kringum hlutina. Núna er lykullinn að koma auga á þitt nýja sjálf, manneskjuna sem er búin að jafna sig og er þakklát fyrir lexíuna sem hún lærði.



Meyjan (23. ágúst – 22. sept.)

Þú ert hagsýn þessa dagana og búin undir að kreppan gangi í garð. Meyja mundu að það er allt í lagi þótt maður mistigi sig einu sinni í lífinu, jafnvel oftast, flestir gera það. Þú vilt ekki sitja og ræða málin, heldur láta verkin tala. Gangtu þá í þetta mál en ekki ein, fæðu fólk með þér í lið svo þú sitir ekki ein uppi með ábyrgðina.



Vogin (23. sept. – 23. okt.)

Þú er kominn tími fyrir vogina til að sleppa af sér beislu, þú þarft á tilbreytingu að halda og því er ekkert betra en að stinga af upp í sveit. Slökktu á símanum og hættu að taka vinnuna með þér heim. Ævintýri og uppgötvunar eru það sem þú þráir. Það sem þú berð úr býtum er hughreyting og kunnugleiki.



Sporðreki (24. okt. – 21. nóv.)

Vingjarnleiki og gott lundarfar hafa jákvæð áhrif á vinnuþverfið. Það er loks komið jafnvægi á hlutina í kringum þig og allt virðist vera í röð og reglu. Tímarnir hafa verið ruglingslegir og miklar breytingar og umskipti hafa átt sér stað í kringum þig. Þú hefur þráð gott verklag og nú eins og þú hefur óskað þér er vinnan eins og leikur einn.



Bogmaður (22. nóv. – 21. des.)

Þú ert staðráðinn í að demba þér í djúpu laugina og þú ert hættur að hika. Straumarnir milli þín og ákveðinnar manneskju eru nánast áþreifanlegir. Atburðarásin virðist nánast fyrirframákveðin og það besta er að þú ert við stjómvöllinn.

GRÍMAN AFHENT



LEIKLIST

FÖSTUDAGURINN 16. JÚNÍ

Þá er komið að því. Íslensku leiklistarverðlaunin, Gríman, verða afhent við veglega afhöfn í Borgarleikhúsinu. Dæmið hefst klukkan 19 og stendur fram eftir kvöldi. Spennandi verður að sjá hvernig fer. Eftir athöfnina fer leiklistarmaffan eins og hún leggur sig á Grímuballið, sem verður einnig haldið í Borgarleikhúsinu. Það hefst klukkan 22 og allir eru velkomnir. Meðfylgjandi myndir eru frá tilnefningunum.



HANNES OG HELGI HALDA Í HÁTÍÐARHELGINA

Vegna gífurlegrar aðsóknar hafa sýningar þeirra Hannesar Lárussonar og Helga Þórssonar í Kling & Bang gallerí verið framlengdar fram á sunnudag.

Hannes sýnir á jarðhæð gallerísins, sem er að Laugavegi 23, og ber sýningin það sérstaka nafn Ubu Roi meets Humpty Dumpty (in Iceland). List Hannesar þykir stundum flókin þótt hún byggist oft á tífum á því sem er beint fyrir framan nefið á þeim sem skoðar, þannig að hafið augun opin.

Í kjallara sýnir Helgi ferska innsetningu sem kætir jafnt börn sem fullorðna, rétt eins og 17. júní. Allir eru velkomnir á sýningarnar og aðgangseyrir er enginn.

TILVALIÐ AÐ KÍKJA, FYRIR ÞÁ SEM EKKI ERU BÚNIR AÐ SJÁ.



SUNNUDAGURINN 18. JÚNÍ



VILTU FINNA MILLJÓN

Einvalalið gamanleikara fer með aðalhlutverk í Viltu finna milljón í Borgarleikhúsinu klukkan 20. Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð mannsins síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið getur breytt lífi hans á svipstundu.

Þetta er síðasta sýningin í vor. Sýningar á verkinu hefjast aftur í haust og er miðasala þegar hafin.



FISKAR Á ÞURRU LANDI

Leikfélag Hólmavíkur sýnir leikritið Fiskar á þurru landi eftir Árna Ibsen í Árneshreppi. Leikstjóri er Kolbrún Erna Pétursdóttir. Með hlutverk í sýningunni fara Gunnar B. Melsted, Úlfar Örn Hjartarson, Rúna Stína Ásgrímsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir.

Frum sýning var á skírdag, 13. apríl, og einnig voru sýningar laugardaginn 15. apríl og á annan í páskum, mánudaginn 17. apríl. Þessar þrjár fyrstu sýningar fóru allar fram í Bragganum á Hólmavík. Eins og venjulega hyggur Leikfélagið svo á leikferðir með verkið, en það er þekkt fyrir hversu víðförluð það er.



Gráfíski smíðjan ehf. 06.06

Líklegast bestu pizzur heims!

BRAGAGÖTU 38A - 101 REYKJAVÍK - SÍMI (TEL.) 562 • 38 • 38
www.eldsmidjan.is - Heimsending sími 562 38 38

HLJÓMSVEITIN FRÆ GAF Í VIKUNNI ÚT SÍNA FYRSTU PLÖTU, EYÐILEGÐU ÞIG SMÁ. HÚN HEFUR VAKIÐ ATHYGLI UNDAFARNA MÁNUÐI, EKKI SÍST VEGNA LAGSINS FREÐINN FÁVITI, SEM NÁÐI ÞÓ NOKKRUM VINSÆLDUM Á ÚTVARPSSTÖÐVUM.

ÚR ÓLÍKUM ÁTTUM EN FÚNKERA VEL

FRÆ ERU:
HEIMIR – RADDIR, TEXTAR.
PALLI – GÍTAR, BASSI, SYNTHAR,
PIÁNÓ, STRENGJAÚTSETNINGAR.
SADJEI – SÖMPL, FORRITUN,
UPPTÖKUR.
SILLA – SÓNGUR.

„Platan kom út núna á mánudaginn og við erum ótrúlega ánægð, við gefum hana út sjálf en 12 tónar sjá um að dreifa henni. Þannig að þetta er bara allt komið,“ segir Palli, gítarleikari hljómsveitarinnar Fræ. Palli hefur hingað til verið þekktur fyrir starf sitt í hljómsveitinni Maus, sem hefur verið í hléi síðustu misseri.

AÐ GANGA NÆRRI SÉR

„Við erum fjögur sem erum bandið Fræ, það er ég, Silla, Heimir og Sadjei,“ segir Palli en allir meðlimir bandsins eru vel kunnugir tónlistarbransanum. Heimir og Sadjei gerðu garðinn frægan með akureysku rappsveitinni Skyttunum og Silla hefur troðið upp undir nafninu Mr. Silla og meðal annars prýtt forsíðu Sirkus eftir gott gengi á Airwaves síðastliðið haust.

„Platan heitir Eyðilegðu þig smá, en þetta kemur úr texta sem er á plötunni. Þetta þýðir að maður þarf að leggja soldið á sig, maður þarf að ganga nærri sér til þess að ná einhverjum árangri. Þetta er hugsunin á bak við nafnið í meginráttum. Engin ástæða til þess að flækja það meira.“

SILLA KLÁRAÐI BANDIÐ

Hvernig byrjaði þetta?

„Ég kynntist meðlimum Skyttanna þegar við

vorum að spila saman fyrir löngu síðan,“ útskýrir Palli. „Það var alltaf frekar góður vinskapur á milli þessara banda og við ákváðum að hittast. Við fundum strax sánd sem við vorum allir að fíla og fengum með okkur gesti. Þannig kemur Silla inn í hópinn. Um leið var myndin af bandinu komin,“ segir Palli eldhress.

Að finna nafn á hljómsveit getur verið það erfiðasta við upphaf hennar og oft reynir það á samstarfið. Krakkarnir í Fræ lentu þó ekki í miklum vandræðum.

„Sagan á bak við nafnið er ekki flókin. Eftir að hafa þælt í þessu í ágætun tíma og hafnað fullt af hugmyndum þá dreymdi Heimir draum um nafnið. Það er nú þannig að ef mann dreymir það þá er ekki hægt að „ignora“ það,“ segir Palli og hlær.

PLATAN LÖNGU TILBÚIN

„Við erum mjög góð blanda, komum úr ólíkum áttum en fúnkerum ótrúlega vel. Þegar við byrjuðum að vinna saman var grunnurinn að lögunum lagður niður á ekkert svo löngu upp-

tökusessjóni. Flest lögín fæddust þá en sum áttum við til frá því áður. Við unnum mest milli júní og október og platan var fullmixuð fyrir jól. Við biðum með útgáfuna út af ýmsum ástæðum. Ein er að við þurftum tíma til að æfa fyrir

„læf sjón“. Það er ekki sama fólk á tónleikum og á plötunni. Fyrir tónleika þurftum við auka trommuleikara og bassaleikara og svo er Sadjei ekki með okkur.“

Hverjir eru aukameðlimirnir?

„Það er Danni úr Maus á trommur og Freyfinnur, gamall vinur strákanna frá Akureyri, á bassa,“ segir Palli ánægður með strákana.

„Við erum búin að æfa á fullu og vorum með stórgóða tónleika núna í síðustu viku. Það lítur út

fyrir að við verðum að spila fullt núna í sumar. Þeir sem vilja fylgjast með okkur og vita hvenær næstu tónleikar geta orðið myspace-vinir okkar, við erum alltaf til í nýja og ferska vini. Kíkið bara á myspace.com/eydileggjumokkur,“ segir Palli að lokum.

heil ævi í ruslinu eða eilífð í hamingju ekki fara búinn að missa af ekki fara nema vilja það þú veist að lífið endar ekki hættu nema reyna að skilja ég gef þér stað og stund til að reyna að byrja

eyðileggjum okkur smá... komdu þér af stað núna... eyðilegðu þig smá...
úr laginu Hlaupu af stað

ÞAÐ Á AÐ GERA MYND UM ÆVI ÞÍNA



HVER MYNDI LEIKA ÞIG?

GAMANMYND MEÐ JESSICU ALBA

„Ó mæ god! en erfið spurning,“ segir Linda Benediksdóttir, sem var kjörin besta ljósmyndafyrirsætan í Ungfrú Ísland 2006.



LINDU FINNST JESSICA VERA SÆT OG MEÐ FLOTTAN FATASTÍL.

„Ég hef ekki hugmynd. Heyrðu, jú! Ég myndi vilja að Jessica Alba léki mig. Hún er svo falleg og alltaf eitthvað svo sæt. Jessica er líka flott leikkona, að minnsta kosti í þessum síðustu myndum. Einnig er hún með flottan fatastíl sem ég er alveg að fíla,“ segir Linda ánægð með leikkonuna.

„Og að sjálfsgöðu yrði þetta gamanmynd. Af því ég er svo hress. Það myndu allir hlæja dátt og mikið,“ segir Linda og skellir upp úr.

FULLKOMINN LEIÐINDADAGUR

Núna eru allir dagar frábærir hjá G því að hann er frábær og allt fólkíð sem hann umgengst er frábært. En þegar ég fór í göngutúr í rölegheitunum um daginn í sólinni eftir að ég var búinn að taka hrikalegan bekk með einum fremsta fípróttamanni okkar Íslendinga, honum Magga Bess þá fór ég að hugsa: „Hversu mikið ætli það sé til af leiðinlegu, óheppnu fólki sem er það leiðinlegt að allir dagar eru bara leiðinlegir?“

Það er nefnilega til ótrúlega mikið af fólki sem er bara í einu orði sagt leiðinlegt. Þetta fólk heldur kannski að það sé eðlilegt en það röflar og vælir yfir öllu sem það getur mögulega röflað yfir. Og út af því að ég er almennilegur og kurteis þá nenni ég ekki að segja þessu fólki að láta sokk í sig og halda kjafti þannig ég enda á því að hlusta á vælið um hvað lífið sé ómurlegt og blablublaba. Mig langar að láta sokk í það, en ég er kurteis, það er mín bölvun.

En ég fór að hugsa um hver væri uppskrift mín að allsvakalega leiðinlegum degi og ég held að hún væri einhvern veginn svona:

Dagurinn myndi væntanlega byrja á því að ég vakna og fer á salernið til að urinera og sé ég allt í einu að ég er kominn með rauð punghár. Sú hræðilega sjón veldur því að það líður umsvifalaust yfir mig. Ég sest upp í bíl og bruna út í Sjónvarpsmiðstöð til þess að ná mér í Pöngrazor3000 en það er nýjasta pungvélin á markaðnum. Ég reyni að drífa mig en lendi fyrir aftan níraðan kall með hatt sem er of gamall til að fatta það að hann er á 27 km hraða. Ég íhuga það að flauta á hann en ég vil ekki fá það á samviskuna að hafa látið gamlan gráhærð-

an mann fá hjartaáfall. Þannig ég ákveð að fá gott sterakast í staðinn og berja í stýrið á bílnum og öskra duglega. Ég geri það alla leið þangað til að gamli maðurinn ákveður loksins að beygja, þá anda ég léttar og gef í.

En G er ekki lengi í paradís því ég sé einhver blá ljós blikkandi í baksýnisspglinum. Ég íhuga að stinga helvítis mörgæsirnir af en ég ákveð að telja upp að tíu og stoppa bílinn. Upp að bílnum kemur offitusjúklingur á power-trippi og gefur mér skít í tölverðu magni. Í staðinn fyrir að snappa á mörgæsina þá held ég kjafti meðan hann fyllir út sektina.

Ég loksins kemst upp í sjónvarpsmiðstöð þar sem að Partí-Hjálmar fleggir í mig pungvélinni og þegar ég kem út þá er ég kominn með stöðumælasekt á bílinn minn. Ég geri dauðaleit að stöðumælaverðinum til þess að troða sektinni upp í bólugrafna rassgatið á honum en leitinn skilar engum árangri. Þegar ég gefst upp á leitinni og er tilbúinn að fara þá sé ég að ég er kominn með aðra stöðumælasekt. Þar tek ég sterakast númer tvö og sparka í allt sem ég sé og öskra.

Ég fer síðan í ræktina til þess að reyna að losa mig við reiðina og stressið en þegar ég er í miðju setti í bekknum þá kemur Bjarni töfra-maður og rekst í stöngina. Ég íhuga að lemja hann með bekkpressustönginni en Bjarni reynir að koma mér í gott skap með flippuðum töfrabrögðum. Ég segi honum að töfra andlitíð á sér upp í rassgatið á sér og hleyp pirraður út. Ég ákveð að fara heim og REYNA að hafa það gott. Fæ mér Stallone-sjeik og stjórnuþisk og kveiki á sjónvarpinu. En nei, nei, eru ekki allar stöðvarnar á sjónvarpinu bilaðar nema ein og þar er Orkuveituauglýsingin spilud aftur og aftur og aftur. Ég hendi sjónvarpinu út um gluggann en ákveð að kíkja í DV í staðinn.

En nei, eina blaðið sem kom inn um lúguna var Birta. Eina jákvæða við daginn var að klósettappírinn var búinn og ég gat skeint mér duglega með Birtublaðinu.

Ég gæti persónulega ekki ímyndað mér verri dag en sem betur fer eru dagarnir hjá G ekki svona. Týpiskur dagur hjá G þessa dagana er eitthvað á þessa leið:

Vakna, þjálfa, taka hrikalega á því í Sporthúsinu, Players að horfa á HM, þjálfa, taka hrikalega á því, Players að horfa á HM, þjálfa, Players að horfa á HM. Ég held að það sé ekki til betri uppskrift að fullkomnari degi en þetta enda er HM veisla fyrir alla gagnkynhneigða menn.

Fólk er alltaf að segja mér að HM hafi slæm áhrif á líferni þeirra. Ýti undir neyslu ruslfæðis og svo framvegis. Það er náttúrulega bara agaleysi hjá fólki og aumingjaskapur, það er alveg hægt að horfa á fótbolta án þess að bæta sentimeter við bumbuna á sér. Þegar G horfir á HM þá fær hann sér tvær kjúklinga-bringur á Players og stjórnuþisk í eftirrétt. Þegar harðfiskurinn er búinn þá fær G sér Stallone-prótein-sjeik. Þess má geta að G er HRIKALEGUR!

Sælur! Gillz.



31



FERÐAFRELSI

ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFAN/SÍLA IS OGCT 33088 06/2006

Taktu Frelsið með í ferðina.

Ferðafrelsið virkar alveg eins og Frelsið þitt hér heima!

Símtölin eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna. Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað það í flestum löndum.

Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.

Góða ferð.

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!